

MÁLSTOFA

Sambands íslenskra sveitarfélaga
með rannsakendum skólamála
Öskju – náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands
6. mars 2006



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

I. Inngangur

Skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga gekkst fyrir lokaðri málstofu með rannsakendum málefna skóla og menntunar mánudaginn 6. mars 2006 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Til málstofunnar voru boðaðir framkvæmdastjórar sveitarfélaga, kjörnir fulltrúar í skólanefndum og fræðsluráðum, stjórnendur og starfsmenn skólaskrifstofa sveitarfélaga, skólastjórnendur og fræðimenn á sviði skólamálefna auk starfsmanna sambandsins og fulltrúar þess í nefndum og starfshópum um skóla- og fræðslumál. Þá var menntamálaráðuneytinu boðið að senda fulltrúa.

Markmið málstofunnar var þríþætt. Í fyrsta lagi að kanna akurinn, leita upplýsinga og gagna frá rannsakendum á sviði skólamála til hagnýtingar inn í væntanlega stefnumótun sambandsins í skólamáli. Í öðru lagi þá mun sambandið standa fyrir norrænni skólamálaráðstefnu hér á landi í maí á næsta ári, Brennpunkt Norden, sem haldin verður í 4. sinn. Ástæða þótti til að leita fanga hjá íslenskum rannsakendum á sviði skóla og menntunar og fara með sem efnivið á undirbúningsfund sem haldinn verður hér 25. mars n.k. með norrænum samstarfsaðilum ráðstefnunnar. Síðast en ekki síst var tilgangur málstofunnar sá að gera heiðarlega tilraun

til þess að koma á samræðu og samráði milli þeirra aðila sem stunda rannsóknir á sviði skóla og menntunar, þeirra sem móta eiga stefnuna í málaflokknum og þeirra sem eiga að framfylgja henni í sveitarfélögum. Ástæða þótti til að skoða í þessu samhengi hver hlutdeild rannsókna raunverulega er í stefnumótun í skólamáli og hvort ekki væri ástæða til að leggja aukna

„Þetta þing reynist væntanlega happadriúgt þegar við lítum á grunnskólalögin, en ákveðinn tónn var gefinn í umræðunni á þinginu.“

áherslu á hana. Oft hefur verið rætt um nauðsyn þess að koma á slíkum vettvangi og fræðimenn gjarnan nefnt þýðingu þess að tekið sé mið af rannsóknaniðurstöðum í þessu skyni.

Til að afla erinda á málstofuna var haft samband við 5 rannsóknastofnanir á sviði menntamála og leitað eftir uppástungum hjá forsvarsmönnum þeirra um rannsóknir sem tilheyrðu þeim sviðum sem til umfjöllunar voru á málstofunni. Þ.e.a.s. *Helstu hindranir í vegi skólaþróunar* og *Skólaþróun í ljósi mats og mælinga*. Viðbrögðin fóru fram úr björtustu vonum og var valið úr innsendum erindum. Ánægjulegt var að finna þann mikla áhuga frá fræðasamfélaginu sem þarna birtist.

Fyrirkomulag málstofunnar var með þeim hætti að 2-3 erindum var raðað saman eftir „skyldleika“ og opnað á fyrirspurnir í kjölfar flutnings þeirra. Hver fyrirlesari fékk 10 mínútur til þess að koma skilaboðum sínum á framfæri auk þess sem 5 mínútna fyrirspurnartími fylgdi hverju erindi. Að loknum erindum var stefnt saman í pallborð fulltrúum þeirra hópa sem boðaðir voru til málstofunnar. Það voru framkvæmdastjóri sveitarfélags, Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri í Grundarfirði, stjórnandi skólaskrifstofu, Andrés Sigurvinsson í

Vestmannaeyjum, Sigþór Magnússon skólastjóri, Trausti Þorsteinson forstöðumaður skólaþróunarsviðs HA og Margrét Erlingsdóttir formaður fræðsluráðs Árborgar. Er þeim hér þakkað sérstaklega fyrir þátttökuna.

Öllum þeim fræðimönnum, bæði þeim sem héldu erindi og hinum sem ekki komust að, að þessu sinni, er þakkaður áhuginn og þátttakan. Þá ber sérstaklega að þakka Jóni Torfa Jónassyni, HÍ, fyrir góð ráð og gagnlegar athugasemdir við undirbúning málstofunnar sem og þeim Trausta Þorsteinssyni við HA, Gretari L. Marinóssyni við KHÍ og Ingunni Guðmundsdóttur sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir þeirra framlag.

Fundarstjórar voru Gunnar Ein-
arsson og Gunnar Gíslason úr
skólamálanefnd sambandsins og
starfsmenn málstofunnar voru

„Ég vil þakka fyrir þingið
í gær, sem markaði stór
spor fyrir sambandið í
aukinni fagmennsku á
sviði skólamálaumræðu. Til
hamingju.”

Anna Guðrún Björnsdóttir, Ingi-
björg Hinriksdóttir og Valgerður
Freyja Ágústsdóttir frá Sambandi
íslenskra sveitarfélaga. Er þeim
þakkað kærlega þeirra vinnufram-
lag. Svandís Ingimundardóttir, þró-
unar- og skólafulltrúi sambandsins
sá um skipulag málstofunnar.

Málstofan var fjölsótt og vakti
töluverða athygli, bæði í fræðasam-
félaginu og meðal sveitarstjórnar-
manna og starfsmanna sveitarfélaga
í málefnum skóla og menntunar.
Ríflega hundrað manns skráðu sig
til þátttöku og fyrirlesarar voru tólf
talsins. Góður rómur var gerður
að þessu frumkvæði Sambands
íslenskra sveitarfélaga og talið að
þetta framtak gæti lagt grunn að
auknu faglegu samstarfi á þessum
vettvangi sem full ástæða væri til að
þróa áfram.

Hér á eftir fer yfirlit erinda og með-
fylgjandi gagna og fyrirspurna á mál-
stofunni auk þess sem gerð verður
grein fyrir pallborðsumræðum. Í
lokin gefa svo Gretar L. Marinós-
son og Ingunn Guðmundsdóttir
sitt mat á málstofunni.

Samband íslenskra sveitarfélaga
þakkar öllum málstofugestum fyrir
mikinn áhuga og góða þátttöku
á þessari fyrstu málstofu. Vænta
má áframhaldandi samráðs af
þessum toga milli sveitarstjórnar-
manna, starfsmanna og stjórnenda
skólamálefna í sveitarfélögum við
rannsakendur og fræðimenn á þessu
sviði þar sem afrakstur þeirrar fyrstu
virðist bæði mikill og hagnýtur.

„Þetta var mjög gott fyrsta
skref, og vonandi ekki það
síðasta.”

II. Dagskrá

13:00 SETNING OG INNGANGSORÐ
Svandís Ingimundardóttir, þróunar- og skólafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

I. hluti: Skólaþróun og helstu hindranir

13:10 **Jón Torfi Jónasson:**
Hvað höfum við lært af rannsóknum á þróun skólakerfisins?

13:20 **Kristín Björnsdóttir:**
Efla þróunarverkefni skólastarf?

13:30 **FYRIRSPURNIR**

13:40 **Óskar J. Sandholt:**
Tilgangur og árangur sameiningar grunnskóla.

13:50 **Börkur Hansen og Ólafur H. Jóhannsson:**
Hlutverk skólustjóra í grunnskólum.

14:00 **Karl Frímansson**
Ábyrgð skólustjóra grunnskólans.

14:10 **FYRIRSPURNIR**

14:20 KAFFI

14:40 **Ingvar Sigurgeirsson**
Nokkur álitamál og úrlausnarefni í íslenskum grunnskólum.

14:50 **Snæfríður Egilson**
Hvernig vegnar nemendum með breyfihömlun í almennum grunnskólum?

FYRIRSPURNIR

15:10 **María Steingrímsdóttir**
Fyrsta starfsárið er mikilvægt námsár.

15:20 **Ingólfur Á. Jóhannesson**
Kynjamyndir kennarastarfsins: Eru tengsl milli kyns kennara og árangurs nemenda í PISA?

15:30 **FYRIRSPURNIR**

II. hluti: Skólaþróun í ljósi mats og mælinga

15:40 **Rúnar Sigbórsson** *Samræmd próf og skólaþróun: Hjálp eða hindrun.*

15:50 **Amalía Björnsdóttir** *Skólaþróun og námsmat.*

16:00 **FYRIRSPURNIR**

16:10 **PALLBORÐ**

Andrés Sigurvinsson, sviðsstjóri Fræðslu- og menningarsviðs Vestmannaeyja

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri Grundarfirði

Margrét K. Erlingsdóttir, formaður fræðsluráðs Árborgar

Sigþór Magnússon, skólustjóri Breiðholtsskóla

Trausti Þorsteinsson, forstöðumaður skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri

I. hluti Skólaþróun og helstu hindranir



Jón Torfi Jónasson er prófessor í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands.

Undanfarin ár hefur hann helst rannsakað þróun skólakerfisins og beint sjónum sínum að öllum skólastigum. Hann hefur leitast við að greina hvaða þættir hafa haft áhrif á þróun mála undanfarna öld, m.a. hvað af ásetningi stjórnvalda um breytingar hefur gengið eftir og hvað ekki.

Frekari upplýsingar um Jón Torfa og störf hans má finna á [heimasíðu hans](#).

Glærur Jóns Torfa

Jón Torfi gerði grein fyrir nokkrum almennum niðurstöðum sem skipuleggjendur skólakerfa þurfa að átta sig á. Hann sagði m.a. að af rannsóknnum sínum og athugunum á þróun skólakerfisins hafi hann ályktað að eftirfarandi eigi m.a. við um leik- og grunnskólastigið:

a) Þróun allra þátta skólastarfs sé hæg, regluleg og samfelld og lög breyti almennt ekki miklu og sjaldan öðru en því sem þegar er á hreyfingu (undantekningar

1. Hvað höfum við lært af rannsóknnum á þróun skólakerfisins?

frá reglunni eru skólasókn 6 ára barna um 1970 og hjöðnun á skólasókn 16 ára við setningu grunnskólalaganna (1974). Skólaþróun væri hæg, það væri almenna reglan, og skólastarfi væri ekki breytt með lagasetningu nema í algerum undantekningartilfellum.

Hann lagði á það áherslu að framkvæmdaáðilar ættu ekki að bíða eftir rannsóknaniðurstöðum með að taka ákvarðanir, það myndi hefta þróun. Enda væri ekki búið að sýna fram á tengsl þar á milli eða hvenær heppilegast væri að segja frá rannsóknaniðurstöðum svo þær mættu hafa áhrif á þróun skólamálefna.

b) Almenna reglan sé sú að þeim mun meiri aðgang sem foreldrar hafa að leikskóla- og barnaskólakerfinu þeim meiri er nýtingin; það stefnir stöðugt í fulla nýtingu.

Eftir því sem aðgangur opnaðist meira að ýmsum þjónustutilboðum, þá ykist jafnframt nýtingin, sbr. við lækkun leikskólaaldurs. Krafan eykst um enn lægri leikskólaaldur og

sífelld herra hlutfall barna í þeim aldurshópum nýtir sér þjónustuna. Ef leikskóladvöl væri í boði um helgar myndi hún verða nýtt.

c) Það sé sterk tilhneiging alls skólastarfs og þar með skólakerfa að taka upp starfshætti sem bera keim af hefðbundnu bóknámi; þetta á jafnt við um leikskóla og verknámsdeildir grunn- og framhaldsskóla.

d) Að ekki sé borin eins mikil virðing fyrir verknámi eins og bóknámi þrátt fyrir nærri aldar-

Það er sterk tilhneiging alls skólastarfs að taka upp starfshætti sem bera keim af hefðbundnu bóknámi.

gamlan og stöðugan ásetning til að breyta því. Meiri áhersla sé því á hefðbundið bóknám og verknámið verði útundan.

e) Almenn þegar settur er rammi um störf kennara, til að meta gæði starfsins, til meta störf-in (starfsmat), til að umbuna með launum eða til að meta virðingu (einkum með tilvísun í prófgráður) þá hafa þeir ramar svipuð einkenni, sem

færa störfin inn í gagnsæ kerfi. Þetta tekst yfirleitt vel og skilar að mestu tilætluðum árangri. En jafnframt virðast þættir verða útundan sem ekki falla jafnvel að þessum kerfum og eru ekki auðmælanlegir.

Þetta þýðir að hans mati m.a.:

- i) Breytingar sem eiga að gerast hratt ganga iðulega til baka, en þó ekki endilega alla leið.
- ii) Þeim mun meiri aðgang sem börn hafa að skólakerfinu þeim

mun meira er það notað, óháð skólaskyldu. Hægt og sígandi á þetta einnig við um unglinga.

- iii) Eftir því sem formleg matskerfi verða sterkari, hvort sem þau snúast um börn eða kennara þeim mun sterkara svipmót fær starfið af hefðbundnu bóknámskerfi. Mælingarkerfin hafi tilhneigingu til þess að taka völdin.
- iv) Það sé ekki hægt að gera ráð fyrir ólíkum brautum (svo sem verk- og bóknámsbrautum) inni í miðju skólakerfi (t.d. á

grunnskólastigi) nema að það leiði til flokkunar og virðingarmunar.

- v) Að flest kerfi sem eru notuð til að meta nemendur og kennara virka, en áhrifin eru oftast flóknari og tvíbentari en menn átta sig á í fyrstu.

Mælingarkerfin hafa tilhneigingu til þess að taka völdin.



Kristín Björnsdóttir er verkefnisstjóri hjá Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla

Íslands. Hún er með B.M. gráðu í músíkþerapiu frá East Carolina University, kennsluréttindanámi frá Háskóla Íslands og meistaraþróf í uppeldis- og menntunarfræði frá sama skóla. Hún hefur haft umsýslu með þróunarsjóði leik- og grunnskóla frá árinu 2003 og tekið þátt í þróunarverkefnum á báðum skólastigum.

Frekari upplýsingar um Kristínu og störf hennar er að finna á [heimasíðu hennar](#).

Glærur Kristínar

Í erindinu fjallaði Kristín um

2. Efla þróunarverkefni skólastarf?

Þróunarstarf í íslenskum leik- og grunnskólum í tengslum við úttekt á rannsóknum á sviði fræðslu- og menntamála sem Rannsóknarstofnun KHÍ vann fyrir Rannsóknamiðstöð Íslands og menntamálaráðuneytið. Úttekt var gerð á þróunarstarfi í 29 leikskólum og 66 grunnskólum og kannað umfang og eðli nýbreytni- og þróunarstarfs í skólunum þar sem sérstök áhersla var lögð á þá þætti sem hvetja til nýsköpunar og þróunarstarfs og hvernig það nýtist í skólastarfi.

Augljósustu og almennustu hindranir við þróunarstarf að mati þátttakenda voru tíma- og fjárskortur. Einkennandi hversu lágar styrkuppþæðir voru en þróunarsjóður leikskóla úthlutaði 3 millj. á ári á meðan umsóknir

hljóðuðu upp á 42 millj.kr. á síðasta ári. Þá höfðu 30% leikskóla sem sóttu um og 50% grunnskóla fengið synjanir á umsóknir sínar. Olli það jafnframt þirringi meðal umsækjenda hversu fáar umsóknir náðu styrkjum vegna þeirrar miklu vinnu sem leggja þurfti í umsóknarferlið. Mjög misjafnt var hvort og með hvaða hætti sveitarfélög veittu leik- og grunnskólum fjármagn til þróunarstarfs og standa skóla á sveitarstjórnarstigi því ekki jafnfætis hvað það varðar. Í sumum tilfellum gerðu sveitarfélög þá kröfu að þróunarverkefnið hefði þegar fengið styrk frá menntamálaráðuneytið áður en sveitarfélagið styrkti það og jafnvel litið á

Augljósustu og almennustu hindranir við skólastarf að mati þátttakenda voru tíma og fjárskortur.

samþykki menntamálaráðuneytis sem e-s konar viðurkenningu á verkefninu. Í flestum tilvikum var innleiðing verkefna varanleg, en ýmsir ytri þættir virtust einnig hafa áhrif á hagnýtingu, s.s. námskrá og stefnu-mótunaraðilar.

Eldmóður og drifkraftur kennara er helsti hvatinn að því að keyra þróunarverkefni áfram, með eða án styrkveitinga.

Finna þarf leiðir til að mennta fólk/kennara til virks þróunarstarfs. Kynningar á rannsóknum ekki nægilega markvissar. Ekki margir sem mæta til að hlusta á rannsóknarniðurstöður. Takmörkuð tengsl við vísindasamfélagið.

Áherslusvið sjóða virðast ekki hvetja til þróunarstarfs. Ná ekki til rannsakenda. Dregur í efa að

þró-unarstarf nái til skólakerfisins í heild. Þörf á víðtækara samráði á milli rannsakenda og skóla.

Eldmóður og drifkraftur kennara er helsti hvatinn að því að keyra þróunarverkefni áfram, með eða án styrkveitinga.

Skólakerfið einkennist af miðleitni þar sem allt sækir í bóknámsfar. Er um að kenna e-s konar skandinavísku jafnaðarstefnuviðhorfi eða er ástæðan sú að fólk er að fordást þá flokkun sem felur í sér virðingarmuninn sem ríkir milli bók- og verknáms?

Jón Torfi: Já, það getur verið ein ástæðan. Þú vilt ekki flokka eða verða flokkaður. Angi af þessari virðingarstöðu eru veigamikil rök fyrir því að sækja í bóknámsfar. Þú vilt ekki flokkast neðar í virðingar-röðina.

Hvaða viðmið höfðu spyrjandi og svarendur þegar spurt var um styrk-fjárhæðir? Hvað er lítið og hvað fannst fólki mikið? Miklir styrkir eru veittir hjá Reykjavíkurborg til þróunarverkefna og svo greiða sveitarfélögin háar upphæðir til Verkefna- og námsstyrkjasjóðs Kennarasambandsins. Hefur

Fyrirspurnir til Jóns Torfa og Kristínar

verið kannað hvernig þessir styrkir eru að nýtast?

Kristín: Erfitt fyrir fólk þegar sveitarfélögin setja skilyrði um styrk frá ráðuneyti. Margar hafn-anir draga úr fólki móðinn. Svo fær fólk e.t.v. úthlutað 200 þúsundum í verkefni sem tekur 3 ár. Margir þeirra sem fá synjun vinna verkefni þrátt fyrir ekkert styrktarfé. Það var áberandi í leikskólum. Úttektin náði ekki einungis til sjóða menntamálaráðuneytis þó flestir hefðu fengið styrki þaðan.

Það þarf að skapa aðstæður svo hægt sé að breyta og þróa skóla-starf.

Eru styrkir forsenda fyrir þróun-arstarfi?

Jón Torfi: Það er ekki hægt að breyta skóla með svona þró-unarstarfi, kannski starfi einstakra kennara. Maður þarf að átta sig á hvernig kerfið þróast og breytist. Þetta snýst ekki bara um mikla eða litla peninga, fremur hvernig breyta megi starfsháttum. Gerist ekki með afmörkuðum þróun-arverkefnum, þau tryggja ekki útbreiðslu nema infrastrúktúr sé innvígður í ferlið. Til þess að þróun eigi sér stað í raun þurfa allir þættir að vera með og oft gengur lítið að ná útbreiðslu og fót-festu afraksturs þróunarverkefna í kerfinu. Því miður gengur margt til baka og það er ekki séríslenskt fyrirbæri. Frumkvöðlar eru eitt, breytingar til frambúðar annað.



Óskar J. Sandholt er verkefna-
stjóri Seltjarn-
arneskaup-
staðar en
hefur áður

starfað m.a. við kennslu, sem grunnskólafulltrúi, rekstrarstjóri Heilsugæslustöðva Djúpavogslæknishéraðs, við eigið fyrirtæki og verið forstöðumaður Rafminjasafns OR. Óskar var stjórnarformaður Heilsugæslu Djúpavogshrepps, sat þar í skólanefnd og var formaður Kennarasambands Austurlands. Hann er með Dipl.Ed frá Kennaraháskóla Íslands og lýkur M.Ed, með áherslu á stjórnun, frá sama skóla í vor.

Frekari upplýsingar hjá:
oskar@seltjarnarnes.is

Glærur Óskars

Rannsókn Óskars hafði tvíþætt markmið. Í fyrsta lagi að komast að tilgangi sameininga grunnskóla á Íslandi á árunum 1996 – 2004 og í öðru lagi að reyna varpa ljósi á hvernig hagsmunaaðilar mátu árangur þeirra. Hann lagði áherslu á að draga fram reynslu og sjónarmið sem flestra hagsmunahópa er að grunnskólanum koma. Leitaði til

Sameining grunnskóla er flókið ferli sem reynslan sýnir að veldur oft deilum í samfélaginu.

3. Tilgangur og árangur sameiningar grunnskóla

fulltrúa meiri- og minnihluta bæjar- eða sveitarstjórna, til forstöðumanna fræðslumála, til núverandi og fyrrverandi skólastjóra, til kennara og foreldra.

Sameining grunnskóla er flókið ferli sem reynslan sýnir að veldur oft deilum í samfélaginu. Það sem sérstaka athygli vakti var hinn mikli órói og hin mikla fjölmiðlaumfjöllun sem skapaðist í kringum sameiningar. Heilu samfélögin virtust umpólast og eins og gengið væri út frá því að stjórnendur sveitarfélaganna væru vondir karlar að misnota völd sín.

Með sameiningum sveitarfélaga þá þarf oft að skoða samein-

ingar grunnskóla líka. Fyrirsjáanlegt er að sveitarfélögum mun halda áfram að fækka á næstunni. Ef að líkum lætur mun grunnskólum fækka í kjölfarið en niðurstöður rannsóknarinnar sýna m.a. fram á tengsl milli þessara atburða í smáum sveitarfélögum. Ekkert lögmál þó að sameina skóla – en ekkert heldur sem ætti að koma í veg fyrir það ef það er skynsamlegt.

Óskar gerði í rannsókn sinni athugun á flestum skólasameiningum 1996 – 2004. Meirihluti fólks var hlynntur sameiningu skóla. Foreldrar almennt jákvæðir í garð breytinga er þeir telja að verði börnum til góða og sveitarstjórnarmenn

líka en athyglisvert er að skólafólk er á öðru máli. 70% nefndu að sameiningu skóla hafi verið beitt sem aðferð til að skipta út stjórnendum skóla. Það er athugunarvert. Oftast næst nokkur árangur af þessu og for-eldrar sýnu ánægðastir en augljós munur á ánægju eftir hópum. Átök um sameiningu skóla eiga oftast rætur að rekja til háværs minnihluta sem verja vill sérhagsmuni sína. Sérstaka athygli vöktu

Átök um sameiningu skóla eiga oftast rætur að rekja til háværs minnihluta sem verja vill sérhagsmuni sína. Sérstaka athygli vekja sterk viðbrögð kennara gegn sameiningu þar sem sameining hafði lítil áhrif á störf þeirra.

sterk viðbrögð kennara gegn sameiningu þar sem sameining hafði lítil áhrif á störf þeirra.

Grunnskólinn er stærsta verkefni sveitarfélaga. Það er ekki óalgengt að um helmingur af skatttekjum, að lágmarki, renni til fræðslumála í sveitarfélögum. Flestir geta verið sammála um að þjónusta grunnskólans hafi breyst mikið frá því að skólarnir voru undir stjórn ríkisins og fáir vildu væntanlega hverfa til baka. Þar sem þetta er langdýrasti mála-flokkurinn og eftirspurn eftir auknum aðföngum inn í skólakerfið endalaus er því eðlilegt að leitað sé leiða til að spara. Sameining er mjög flókið ferli og taka þarf tillit

Úrlausnarefnið sem fyrir liggur er að komast að því hvernig hægt sé að virkja skólafólk á jákvæðan hátt til breytinga

til mjög margra þátta. Stundum liggja fjárhagsleg markmið til grundvallar sameiningu, stundum fagleg en það er einnig frekar algengt að aðgerðirnar tengist því að breyta eigi til í stjórnun skólans. Hver á að meta forsendurnar? Hverjir mega hafa skoðun? Skólafólk hefur skoðun, en aðrir hljóta að mega hafa sínar rökstuddu skoðanir. Stórir hagsmunaaðilar eru foreldrar – þeirra sjónarmið skipta miklu. En þegar á hólminn kemur virðast það aðallega vera einstaklingshagsmunir sem mestu skipta. Gjarnan er dregin upp neikvæð umfjöllun í fjölmiðlum um sameiningu grunnskóla og oft miklar tilfinningar tengdar umræðunni.

Úrlausnarefnið sem fyrir liggur er að komast að því hvernig hægt sé að virkja skólafólk á jákvæðan hátt til breytinga. Því í raun breytist starfs-umhverfi kennara lítið við sameiningar. Tæknilegar

útfærslur eru að valda foreldrum áhyggjum en að öðru leyti virðist ánægja hjá foreldrum með samein-
aða skóla. Mikilvægt er að ljúka ferlinum, þar sem ferlið stöðvast að einhverju

leyti skapast mesta óánægjan. Einnig gerist það að skólastjórnendur virðast ekki taka á sameinuðum skóla sem nýju stjórnunarverkefni. Það að stjórna sameinuðum skóla kallar vitaskuld á nýja hugsun í stjórnun skóla. Skoða þarf breytingar á starfsmannaumhverfinu í þessu sambandi. Skólar eru oftast sameinaðir til að hagræða í rekstri en einnig til að efla faglegt starf. Það er einnig frekar algengt að aðgerðirnar tengist því að breyta eigi til í stjórnun skólans. Óheppilegt ef nota á sameiningar sem skálka-skjól til að losna við stjórnendur sem aftur gefur ástæðu til að leiða hugann að núverandi löggjöf um réttindi og skyldur opinberra starfs-

Reyndin er sú að meirihluti fólks er hlyntur eða hlutlaus sameiningum grunnskóla og árangur næst í meirihluta sameiningartilfella.

manna. Þjónar hún tilgangi sínum ef yfirvöld þurfa að fara á svig við hana til að ná fram markmiðum sínum?

Reyndin er sú að meirihluti fólks er hlyntur eða hlutlaus sameiningum grunnskóla og árangur næst í meirihluta sameiningartilfella. Þetta á einnig við ef svörin eru skoðuð eftir starfsheitum en þó

Stórir hagsmunahópar eru foreldrar – þeirra sjónarmið skipta miklu.

má sjá ríka tilhneingingu skólafólks til að vera á öndverðum meiði við aðra hagsmunahópa. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á áhrif ýmissa þátta í innra og ytra umhverfi grunnskóla er hafa áhrif á hvernig til tekst með sameiningu grunnskóla. Þær geta einnig aðstoðað við að svara spurningum er varða ákvarðanatöku og undirbúning sameiningar og veitt vísbendingar um atriði sem huga ætti að í tengslum við sameiningu grunnskóla.



B ö r k u r
Hansen er
prófessor við
K e n n a r a -
h á s k ó l a
Í s l a n d s .
Hann er
doktor í

stjórnsýslufræðum frá Alberta-
háskóla í Kanada. Rannsóknir
hans eru einkum á sviði stjórn-
unar skóla. Þar má nefna störf
skólastjórnenda, valddreifingu
í skólum, viðhorf kennara til
starfa sinna og starfsumhverfis,
skólaþróun og skólasögu.

Frekari upplýsingar um Börk og
störf hans má finna á [heimasíðu](#)
[hans](#).



Ólafur H.
Jóhannsson
er lektor við
K e n n a r a -
h á s k ó l a
Í s l a n d s hefur
meistarapróf
í stjórnsýslu-

fræðum frá Bristol háskóla í
Englandi. Rannsóknir hans
eru einkum á sviði stjórnun-
ar skóla. Þar má nefna störf
skólastjórnenda, valddreifingu
í skólum, viðhorf kennara til
starfa sinna og starfsumhverfis,
grunnskóla í ólíkum byggðar-
lögum, skólaþróun, áhrif endur-
menntunar, og skólasögu.

Frekari upplýsingar um Ólaf og
störf hans má finna á [heimasíðu](#)
[hans](#).

4. Hlutverk skólastjóra í grunnskólum

Glærur Barkar og Ólafs

Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhann-
son, Steinunn Helga Lárusdóttir
og Amalía Björnsdóttir hafa
staðið fyrir rannsóknum á hlutverki
skólastjóra í grunnskólum, m.a. í
tengslum við yfirfærslu grunnskól-
ans til sveitarfélaga. Þær rannsóknir
benda til þess að hlutverk
þeirra sé að breytast. Í erindinu
var athyglinni m.a. beint að því
hvað sveitarfélög geti gert til að efla
hlutverk skólastjórnenda sem fag-
legra leiðtoga.

Börkur og Ólafur kynntu þrjú
þemu í erindi sínu:

1. Hlutverk skólastjórnenda

Árið 1991 var gerð rannsókn á
störfum skólastjóra og kannað bil
á milli kjörmyndar og raunmyndar,
þ.e. þess sem skólastjórar vildu vera
að gera og þess sem þeir í raun eyða
vinnutíma sínum. Bil þetta nam
18 sætum árið 1991. Tíu árum
síðar var rannsóknin endurtekin.
Þá var kjörmynd enn sú sama en
raunmyndin hafði fjarlægst tölu-
vert og munaði nú 30 sætum.
Skólastjórar gáfu til kynna að þeir
vildu gjarnan vera metnaðarfullir,
faglegir stjórnendur en áþreifanleg
breyting hafði orðið á eðli starfa

Skólastjórnendur höfðu fjarlægst
sitt faglega forystuhlutverk og töldu
sig vera að sinna rekstrarþáttum í
auknum mæli á kostnað faglegra
þátta.

skólastjórnenda á þessum 10 árum.
Þeir höfðu fjarlægst sitt faglega
forystuhlutverk og töldu sig vera að
sinna rekstrarþáttum í auknu mæli á
kostnað faglegra þátta. Hugsanlega
hefði því hið faglega forystuhlutverk
færst yfir til millistjórnenda, fag-
stjóra og deildarstjóra, sem komu
til sögunnar á þessu tímabili.

2. Hlutverk skólastjóra og sjálfs- mat.

Rannsókn var gerð á sjálfsmati í 6
grunnskólum árið 2005 (tilviljana-
úrtak) og rætt við stjórnendur
og kennara. Niðurstaðan var sú
að þótt allir ættu að hafa innleitt
sjálfsmatsaðferðir frá 1996, þá, nær
áratug seinna, voru ekki allir byrj-

Hvert er hlutverk
sveitarstjórnarmanna ef
skólar sveitarfélagsins
sinna ekki skyldubundnu
sjálfsmati?

aðir. Menntamálaráðuneytið hefur
gert úttektir á sjálfsmatsaðferðum
og sent í kjölfarið bréf til sveitar-
stjórna og skóla með ábendingum
þegar við hefur átt. Ennþá eru
margir skólar, samkvæmt skýrslu
menntamálaráðuneytis um heildar-
niðurstöður sjálfsmatsút-
tekta, sem ekki hafa innleitt
hjá sér kerfisbundn-
arsjálfsmatsaðferðir. Staðan
milli skóla er mjög mis-
munandi og endurspegl-
ast í forystu og stjórnun,

þekkingu starfsmanna á sjálfsmati og viðhorfi þeirra til verkefnisins. En hvert er hlutverk sveitarstjórnarmanna ef skólar sveitarfélagsins sinna ekki skyldubundnu sjálfsmati? Þeir geta markvisst hvatt til þess og sýnt fram á vilja og stuðning sveitarfélagsins til verkefnisins. Þeir geta beitt sér í ráðningarmálum og lagt á það áherslu að fá til skólanna starfsmenn með reynslu og þekkingu á sjálfsmati.

3. Viðhorf kennara

Rannsókn var gerð á viðhorfum skólastjóra, kennara og foreldra í 4 skólum til hlutverks skólastjóra.



Karl Frimannson hefur verið skólastjóri Hrafnagilsskóla frá árinu 1999. Fram til

þess sinnti hann kennslu og íþróttþjálfun við sérskóla fyrir nemendur með hegðunar- og tilfinningavanda og á meðferðarheimili fyrir unglunga sem og í almennum skóla. Karl er með Cand. mag. gráðu í íþróttfræðum frá Íþróttaháskóla Noregs 1992 og vinnur nú að meistara-prófsverkefni við kennara-deild Háskólans á Akureyri.

Glærur Karls

Hugmynd að rannsókn Karls á ábyrgð skólastjóra grunnskólans

Niðurstöður sýndu að kennurum finnst skólastjóra hafi fjarlægst sig sem faglegir leiðtogar yfir í að verða „meiri og meiri yfirmenn“. Kennarar telja sig ekki hafa nægileg áhrif á mótun skólastarfsins og hafa lítil samskipti við fræðsluyfirvöld. Samskipti milli kennara og yfirstjórnenda er því ekki að virka nægilega vel sem er forsenda fyrir því að breytingar festist í sessi.

Auka þarf hlutdeild kennara í stefnumótun og ákvörðunum um skólastarfið, endurskoða nýtingu á stjórnendakvóta skólanna og verka-skiptingu milli stjórnenda til þess

að skapa meiri samfellu í skólastarfinu, virkni starfsmanna og til að auka samspil við yfirstjórnendur.

Yfirlit yfir fleiri rannsóknir á starfi skólastjóra, t.a.m. í tengslum við yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga, er að finna á heimasíðum höfunda.

Kennurum finnst að skólastjóra hafi fjarlægst sig sem faglegir leiðtogar yfir í að verða „meiri og meiri yfirmenn“.

5. Ábyrgð skólastjóra grunnskólans

kviknaði í verkfalli grunnskólakennara haustið 2004 þegar mörgum fullyrðingum um mikilvægi kennarastarfsins var varpað fram. Var það gjarnan gert án samhengis við það hvort einhver bæri yfir höfuð ábyrgð á skólastarfi og menntun grunnskólabarna og þá hver sú ábyrgð væri. Þeirri spurningu vildi Karl fá svarað í rannsókn sinni. Henni er ekki lokið en langt komin og því ekki um eiginlegar rannsóknarniðurstöður að ræða. Hann skoðaði hugtökin ábyrgð og fyrir-svar í þessu sambandi eða responsibility and accountability.

Fram til þessa hefur skólastjóra ekki verið gert að svara fyrir eða bera ábyrgð á árangri skólastarfs.

Forsendur:

- Hægt er að taka ábyrgð á þáttum sem viðkomandi hefur beinan og milliliðalausán aðgang að
- Viðmið eru forsenda mats á ábyrgð
- 14. gr. grunnskólalaga: *Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir honum faglega forystu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri sér um að skólanámskrá skólans sé gerð.*

Skólastjóri fer með umboð yfirvalda í grunnskólanum. Skólastjóri er eini aðilinn sem tilgreindur er í lögum og erindisbréfi sem ábyrgðaraðili á skólastarfi. Sú ábyrgð felur bæði í sér að koma skilgreindum þáttum í

verk sem og að svara fyrir árangur. Kennarar bera faglega og siðferðislega ábyrgð á kennslu. Þáttur í starfi skólastjóra er að vege og meta kennara, annars er hann ekki að sinna starfi sínu. Fram til þessa hefur skólastjóra ekki verið gert að svara fyrir eða bera ábyrgð á árangri skólastarfs þar sem engin aðferð hefur verið þróuð hér á landi til að meta það út frá fyrirfram gefnum viðmiðum sem eru forsenda mats á ábyrgð. Skólastarf snýst um nemendur-, árangur þeirra og líðan en árangur getur verið af margvíslegum toga og lýtur að viðtækri þekkingu, færni, líðan og samskiptum. Einu samanburðarkvarðarnir sem nýttir hafa verið til þessa viðmat á árangri skóla eru samræmd próf.

Ábyrgðarsvið:

- Árangur nemenda? Þekking / Færni / Líðan / Samskipti
- Störf kennara? Persónulegir þættir / Þekking / Skipulag og undirbúningur / Framkvæmd / Námsmat og endurgjöf

Karl setur fram tvær mikilvægar spurningar í þessu samhengi og gerir að umfjöllunarefni:

- Ber skólastjóri ábyrgð á árangri nemenda?
- Ber skólastjóri ábyrgð á störfum kennara?

Hann reynir í rannsókn sinni að greina hvort einhverjar sérstakar hindranir mæti skólastjóra við að axla sína ábyrgð og sinna því hlutverki að vera faglegur leið-

togi í skólastarfi. Í samtölum við skólastjóra kom m.a. fram að kjarasamningur LN og KÍ heftir störf í skólanum. Vinnutímaskilgreiningar grunnskólakennara og óljóst verk-

Vinnutímaskilgreiningar grunnskólakennara og óljóst verkstjórnarvald skólastjóra eru helsta hindrunin við stjórnun grunnskóla.

stjórnarvald skólastjóra er helsta hindrunin við stjórnun grunnskóla, hamlar fullnýtingu vinnuafis og heftir sveigjanleika. Forræði kennara á eigin vinnutíma er það mikið að erfitt er fyrir skólastjóra að verkstýra nema með samþykki kennara. Spurningin sé því sú hvort sá sem hefur mikil réttindi verði ekki líka að axla ábyrgð á árangri samkvæmt því. Það hlýtur að vera umhugsunarefni hvort það standist lög að tryggja starfsöryggi kennara á þann hátt að það er orðið erfitt fyrir nýútskrifaða kennara að fá vinnu á ákveðnum landssvæðum. Ekki vegna þess að samkeppnin er svo mikil heldur vegna þess að starfsöryggi þeirra sem fyrir eru er tryggt.

- Kjarasamningur FG
- Vinnutímaskilgreiningar
- Vinnuskýrsla
- Vinnuramma
- Forræði kennara á eigin vinnutíma
- Lög um réttindi og skyldur

- Starfsumhverfi

Starfsumhverfi skólastjóra grunnskólans markast af miklu valdi fagstéttar grunnskólakennara innan skólans og valdi Kennarasambands Íslands. Í skóla þar sem hagsmunir nemenda eiga að sitja í öndvegi þá þarf stjórnandinn að hafa leiðir til að tryggja að það sé framkvæmanlegt en við núverandi aðstæður eru annamarkar á því. Innan KÍ sé lítið á skólastjóra sem liðsmenn í baráttu gegn vinnuveitanda. Að áliti Karls eiga skólastjórar ekki að fylkja sér með kennurum í þeirra kjarabaráttu enda séu þeir fulltrúar sveitarfélagsins og beri ábyrgð á rekstri og stjórnun stofnana þess, sem grunnskólinn er. Mörg sveitarfélög hafa ekki tryggt skólum sjálfstæða stöðu. Dæmi eru um að sveitarstjórar sjái um ráðningar á kennurum, að ákvarðanir skólastjóra um fjárútlát þurfi að bera undir framkvæmdastjórn þrátt fyrir að þær byggi á samþykkttri áætlun. Einnig eru dæmi þess að yfirvöld ráðstafi fé af rammafjárveitingu grunnskóla án samráðs við stjórnendur. Slíkt getur ekki skapað eðlilegt starfsumhverfi.

Að lokum vitnaði Karl til skýrslu úttektarhóps Fræðsluráðs Reykja-

Það er kominn tími til að bæði sveitarfélög sem og samtök skólastjóra taki mál grunnskólans til endurskoðunar, bæði kjarasamninga sem og stöðu skólastjóra.

víkur um ferli kjaraviðræðna LN og KÍ árið 2004 þar sem segir: Skólastjórar eru forstöðumenn stofnana. Þeir eru fulltrúar sveitarfélagsins innan skólans og eiga að gæta hagsmuna skólans sem vinnuveitanda. Á þeim hvílir rekstrarleg og stjórnunarleg ábyrgð. Það er því

umhugsunarefni að þeir séu á sama tíma hluti af samtökum almennra kennara, undirmanna sinna, og hafi beina hagsmuni af niðurstöðu kjaraviðræðna.

Það er kominn tími til að bæði sveitarfélög sem og samtök skólastjóra

taki mál grunnskólans til endurskoðunar, bæði kjarasamninga sem og stöðu skólastjóra. Slík endurskoðun er nauðsynleg til að gera stjórnendum kleift að axla fulla ábyrgð á skólastarfi.

Hver er ykkar afstaða til neikvæðrar breytingar á kjörmynd og raunmynd skólastjóra? – tengist það flutningi grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga og breytinga á starfi skólastjóra í kjölfar þess?

Ólafur: Vandí sem fylgir spurningakönnunum er sá að ekki fylgja skýringar svörum. Margir skólastjórnendur töldu um tímabundna erfiðleika væri að ræða í tengslum við yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga. En í raun kallar þessi spurning á aðra rannsókn.

Eru völd kennarahópsins of mikil í grunnskólunum og er rétt að fara að endursemja um hlutverk kennara. Þeir hefðu minna að segja um stjórnun og einbeiti sér meira að kennslu?

Karl: Það er nauðsynlegt að skýra þetta allt upp á nýtt og hverfa frá kjaraumræðu til faglegrar umræðu. Kennarar verða að hafa aðkomu að stjórnun grunnskóla en það verður að vera á réttum forsendum. Skólastjóri er ráðinn til að stjórna en ekki hlusta á ályktanir KÍ eða FG um það hvernig hann eigi að stjórna skólanum. Nauðsynlegt að endurskoða þessi máli og koma í rétt horf.

Óskar: Kennarar upplifa sig ráða

Fyrirspurnir til Óskars, Barkar, Ólafs og Karls

of litlu og lenda gjarnan í varnarstöðu í sameiningarferlum, af hverju?

Ólafur: Með tilvísun í skýrslu sem tekin var saman fyrir Reykjavíkurborg eftir síðasta kennaraverkfall kemur fram að skólastjóra beri að „gæta hagsmuna skólans sem vinnuveitanda“. Veit ekki hvaðan það kemur en það er ekki rétt þar sem skólastjórar eiga að gæta hagsmuna nemenda. Það er lyklatríði hverra hagsmuna þeir eiga að gæta

Börkur: Hvar liggur valdið? Kennarar og skólafólk eigi að ráða miklu en það er ekki heilbriggt að það sé negl niður í kjarasamningi, heldur þarf það að ráðast af hagsmunum stofnunarinnar. Það er frekast eins og kjarasamningur sé stýrandi fyrir skólastarf en kennarar í viðkomandi skóla. Það þarf meiri sveigjanleika í kerfið. Skólafólk, kennarar og skólastjórar eiga að ráða miklu í sínum skólum og það á líka að vera mikið eftirlit.

Ólafur: Njörvunin bendir til þess að það ríki ekki nægjanlegt traust á milli sveitarfélaga og skólafólks. Ef menn hafa sameiginlega sýn þá skipta kjarasamningar ekki máli.

Við sameiningar skóla er gjarnan verið að setja einn skólastjóra yfir margar byggingar. Hvernig kemur sú ráðstöfun heim við þá ósk kennara að hafa skólastjórana nálægt sér, sem faglega leiðtoga? Hvernig er lagt mat á faglegt starf í slíkum skólum, hvað er lagt til viðmiðunar í slíkum tilvikum?

Óskar: Var að fjalla um að það eigi ekki eingöngu að vera skólafólk sem eigi að hafa skoðanir á sameiningarmálum, neytendur eiga líka að hafa um það að segja.

Munurinn á kjörmynd skólastjóra frá '91-2001 er í raun hluti af miklu stærra breytingarmynstri en yfirfærsla grunnskólans ein getur skýrt. Þetta er alþjóðleg sveifla í átt til dreifstýringar og þróun sem mátti alveg búast við.

Óskar segir að sameiningar skóla hafi gengið vel. Hefur verið gerð úttekt á árangri sameiningar skóla, faglega, fjárhagslega og félagslega?

Óskar: Ekki til vísindaleg úttekt. Bað viðmælendur um að láta í ljós sitt mat og þeir voru ánægðir með árangur.



Ingvar Sigurgeirsson hefur unnið mörg rannsóknarverkefni fyrir sveitarfélög um skóla-

skipan í grunnskólum, mat á skólastarfi og kennsluháttum, skólanámskrágerð, ráðningar og fleira. Um þessar mundir vinnur hann, ásamt samstarfsfólki sínu að stærsta og áhugaverðasta verkefni sem hann hefur tekið að sér, en það er rannsókn sem gerð er fyrir Menntasvið Reykjavíkurborgar og felst í yfirlitskönnun á agavandamálum í grunnskólum borgarinnar.

Nánari upplýsingar má finna með því að smella á [þennan tengil](#).

Við erum öll leiðbeinendur við þennan skóla, líka skólastjórinn. Hér er enginn menntaður kennari.

Í þessu erindi hélt Ingvar sig einkum við matsverkefni, sem flest hafa verið kostuð af sveitarfélögum sjálfum, eða einstökum skólum og hefur Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands verið bakhjarl flestra þeirra. Áhugi fyrir slíkum verkefnum og úttektum hefur farið vaxandi eftir yfirlitum grunnskólans til sveitarfélaganna en hann efast sjálfur um réttmæti hennar á sínum tíma. Reynslan

6. Nokkur álitamál og úrlausnarefni í íslenskum grunnskólum

hafi hins vegar leitt annað í ljós að mestu leyti. Ingvar dáist að metnaði sveitarstjórnarfólks víða um land fyrir hönd skólanna en segir erfiðast að þurfa að horfast í augu við þann mikla mun sem er á aðstöðu sveitarfélaga til að gera vel við skólana sína og tekur dæmi frá einum skólastjóra af landsbyggðinni:

Sjáðu til, þú veist greinilega ekkert um okkur. Við erum öll leiðbeinendur við þennan skóla, líka skólastjórinn. Hér er enginn menntaður kennari. Og það sem meira er; við erum átta við kennslu hérna. Sex hófu störf við skólann í haust, tvö hafa verið lengur, annað í tvö ár – hitt í fjögur.

Hvernig er hægt að gera sanngjarnar kröfur um árangur við þessar aðstæður? Hvernig á t.d. að túlka niðurstöður samræmdra prófa í þessum skóla? Hver ber ábyrgð á þessu? Hvíli hún öll á viðkomandi sveitarfélagi? Geti fræðsluyfirvöld í landinu firrt sig ábyrgð þegar staða eins og þessi kemur upp? Fyrir tilvik sem þessi þarf einhverjar opinberar stuðningsaðgerðir, einhvers konar „jöfnunar- eða viðlagastofnun“. Að mörgu leyti er eftirsjá að fræðsluskrifstofunum og kennslueftirliti er víða ábótavant. Sérfræðiþjónustan sem tengdist einstaka faggreinum virðist hafa horfið við yfirlitum

En það voru veikburða tilraunir sem er kannski skiljanlegt í ljósi þess að annar kennarinn var forseti bæjarstjórnar en hinn formaður bæjarráðs.

en skv. grunnskólalögum frá 1974 störfuðu námsstjórar einstakra greina hjá menntamálaráðuneytinu. Menntamálaráðuneytið lætur gera úttektir, en þær eru fáar og Ingvar efast um að þeim sé fylgt eftir, enda ráðuneytið sjálfsagt ekki í aðstöðu til þess. Ingvar fær ekki betur séð en að flestar sveitarstjórnir láti ákvæði um þetta í 42. grein grunnskólaganna sem vind um eyru þjóta en þar segir m.a.: *Öllum sveitarfélögum...er skylt að sjá skólanum fyrir sérfræðiþjónustu, bæði almennri og greinabundinni kennsluráðgjöf, er taki til þeirra námsgreina sem tilgreindar eru í 30. gr...*

Annars konar eftirlit kom til með skólanefndum en í fámennari byggðarlögum eru því eftirliti ákveðin takmörk sett m.a. vegna nálægðar, skyldleika og vensla fólks. Á litla Íslandi geta hlutverk, völd og hagsmunir vafist í undarlega hnúta. Þar tilgreindi Ingvar eitt dæmi máli sínu til stuðnings. Hann kom í skóla þar sem nokkur vandræðagangur var með tvo af kennurum skólans sem þóttu eitthvað sinnulitlir um undirbúning kennslu sinnar og sitthvað fleira var það sem ekki var full ánægja með í störfum þeirra. Skólastjórinn hafði fullan hug á að

taka á þessum málum. En það voru veikburða tilraunir sem er kannski skiljanlegt í ljósi þess að annar kennarinn var forseti bæjarstjórnar en hinn formaður bæjarráðs. Ég nefndi þessar skrýtnu aðstæður við bæjarstjórnann sem brosti og minnti mig á að hann sjálfur hefði verið ráðinn til starfars af kennurunum tveimur!

Sjálfsmat skóla er lögbundið en getur aldrei orðið megináðferð vegna árekstra hagsmuna- og valdatengsla í litlum samfélögum þær duga þá ekki til að fá oft erfið mál upp á yfirborðið. Það er vissulega oft gripið til örþrifaráða þegar engin leið virðist fær til að losna við vanhæft starfsfólk en það er hart að þurfa að leggja niður heilu stofnanirnar til þess eins að ná slíku takmarki.

Sjálfsmat krefst mikillar vinnu og skýrslugerðar og ekki verður alltaf beint samband á milli skólastarfs og útkomu sjálfsmatsúttekta. Sjálfsmat eða innra mat stofnana má aldrei

verða megináðferð við mat á gæðum skólastarfs. Sjálfsmatið, samræmdu prófin og alþjóðlegar kannanir gefa brotkennda mynd af skólastarfi og kennarar láta gjarnan samræmdu prófin mála sig upp í horn, sem þá bitnar á list og verkgreinum sérstaklega í vali hjá unglिंगastiginu. Það vantar tilfinnanlega upplýsta umræðu um æskilegt fyrirkomulag gæðamats og eftirlits með skólastarfi og um hlutverk og fyrirkomulag opinberra prófa í því sambandi. Vandaðar, heildstæðar ytri gæðaúttektir, sem gerðar eru í góðu samstarfi við viðkomandi stofnun og markvisst eru tengdar hinu innra mati og umbótaáætlunum, eru þær matsaðferðir sem líklegastar eru til að stuðla að skólaþróun og ætti að gera sveitarfélögum skylt að láta viðurkennda aðila framkvæma á skólum, t.d. á fimm ára fresti.

Annar kostur er að fela opinberri stofnun að annast þetta verkefni eða að hafa forgöngu um það. Og þar sem ég geri ráð fyrir að fæstum þyki fýsilegt að efna til enn ein-

nar ríkisstofnunar leyfi ég mér að leggja til að Námsmatsstofnun verði breytt og henni falið það meginhlutverk að annast gæðaeftirlit með skólastarfi. Til þessa er raunar þegar heimild í grunnskólalögum en þar er fyrirrennari Námsmatsstofnunar, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, nefnd í þessu hlutverki. Í Námsmatsstofnun starfar fólk sem kann vel til verka á þessu sviði og ég er sannfærður um að starfskröftum þess og fjármunum til stofnunarinnar er vel varið ef það mætti nýtast til að gera vandaðar úttektir á skólastarfi sem hefðu það meginmarkmið að afla gagna til að bæta það. Það hlýtur a.m.k. að vera þakklátara hlutverk en að framleiða próf sem flestir hafa á hornum sér og telja dragbít á öflugt skólastarf og skólaþróun.

Kennarar láta gjarnan samræmdu prófin mála sig út í horn.



Snæfríður Þóra Egilsson er lektor í iðjuþjálfun við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri.

Snæfríður starfaði um árabíl sem iðjuþjálfari við sérdeildir Hlíðaskóla, hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra og á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Rannsóknir Snæfríðar hafa beinst að þroskamælingum barna, en þó einkum að ýmsum þáttum er lúta að fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra. Hún hefur meistaraþróf í iðjuþjálfun frá San Jose Háskólanum í Kaliforníu og doktorsþróf í uppeldis- og menntunarfræðum frá Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Frekari upplýsingar um Snæfríði og störf hennar má finna á [heimasíðu hennar](#).

Glærur Snæfríðar

Snæfríður kynnti doktorsritgerðsína en markmið hennar var að varpa ljósi á hvaða þættir stuðla að eða torvela þátttöku hreyfihamlaðra nemenda sem stunda nám í 1.-7. bekk grunnskóla. Rannsóknin er fræðilegt og hagnýtt innlegg í umræðu um þátttöku fatlaðra nemenda í almennu skólastarfi. Mikilvægi hennar felst einkum í því að varpa ljósi á samspil þeirra þátta sem geta stuðlað að eða torvelað virka þátttöku nemenda með hreyfihömlun í almennum

7. Hvernig vegnar nemendum með hreyfihömlun í almennum grunnskólum?

skólum. Hún skoðaði virkni og vellíðan nemenda en ekki námsárangur. 14 nemendur voru sérstaklega valdir til að endurspegla hópinn. Tekin voru viðtöl og farið í vettvangsheimsóknir. Þá fylltu kennarar út matstæki (SFA). Snæfríður skoðaði ytri aðstæður, svo sem byggingar, með tilliti til hreyfihömlunar. Einnig stjórnsýsluþætti og formlegt skipulag.

Niðurstöður leiddu í ljós mismunandi þátttöku nemenda eftir aðstæðum og hafði tilhögun aðstæðna veruleg áhrif á möguleika þeirra til virkrar þátttöku. Fjölmarginir þættir í skólaumhverfinu höfðu afgerandi áhrif á tækifæri nemenda til þátttöku. Áhugi kennara vó þar þungt. Minnst var virkni hreyfihamlaðra nemenda í frímínútum. Opin rými með takmörkuðu skipulagi, svo sem á skólalóð, í íþróttahúsi og í vettvangsferðum, reyndust nemendum með hreyfihömlun yfirleitt erfiðari en önnur.

Tilteknir þættir í fari nemenda, svo sem hreyfifærni, félagsfærni og

Foreldrar og kennarar töldu helstu hindranir liggja í stjórnsýslunni.

viljastyrkur skiptu einnig máli en möguleiki þeirra á að nýta eigin styrkleika var þó háður aðstæðum. Oftast var það því samspil ólíkra

Allt uppí 10 einstaklingar voru jafnvel ráðnir til aðstoðar við einn og sama nemandann.

þátta sem ýmist stuðlaði að eða torvelaði virkni og breytilegt hvaða vó þungst hverju sinni. Aðferðum til að stuðla að þátttöku nemenda í skólanum var yfirleitt hvorki beitt nægilega meðvitað né markvisst. Góður árangur var því stundum háður tilviljun fremur en vel mótaðri áætlun.

Hlutverk aðstoðarmanna nemendanna væri illa skipulagt og afar mismunandi. Lítil tími gafst til samráðs milli kennara og aðstoðarmanna og sjaldnast væru nemendurnir sjálfir spurðir áhlits. Allt upp í 10 einstaklingar væru jafnvel ráðnir til aðstoðar við einn og sama nemandann. Upplýsingar til kennara um þarfir hans væru ekki nægilega markvissar, s.s. frá heilbrigðisgeiranum. Mikill munur kom fram á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Þekking væri augljóslega meiri í þéttbýli en boðleiðir lengri og viðbragðsflýtir kerfisins minni. Meira bar á samstöðu og sveigjanleika í dreifbýlinu þar sem gengið var í hvert eitt mál og það klárað.

Foreldrar og kennarar töldu helstu hindranir liggja í stjórnsýslunni sem tryggir hvorki nægilegt fjármagn né þjónustu til að mæta sérþörfum barnanna. Skortur á

skýrum boðleiðum, þekkingu og samstarfi mennta-, heilbrigðis-, og félagskerfis torvelðaði þátttöku margra. Að mati viðmælenda torvelduðu hraði, annríki,

takmörkuð tengsl við stoðkerfið og skortur á verklagsreglum yfirfærslu þekkingar úr einum stað í annan. Þörf væri fyrir aukna þekkingu, sveigjanleika, greiðari

aðgang að fagfólki og samvinnu milli skóla, fjölskyldu, heilbrigðis- og félagskerfisins kom ítrekað fram. Vantaði að einn aðili hefði heildarsýn.

Er það tilgangur samræmdra prófa að bæta skólastarfið, ekki bara að meta stöðu? Getur eitt tæki haft mörg markmið?

Ingvar: Lít þannig á tilgangurinn sé að bæta skólastarfið. Niðurstöður prófanna eru mat á stöðunni, ætlað að gefa vísbendingar um að gera betur, bæta skólastarfið.

Hverjir eiga að læra af rannsókn þinni, Snæfríður? Eru þetta skilaboð til kennara, skólastjóra, sveitarstjórnarmanna?

Snæfríður: Við þurfum öll að læra af þessu ekki síst stoðkerfið. Kerfið vinnur of mikið á eigin forsendum, þurfum að taka meira mið af þörfum barnanna. Skólastjórnendur og sveitarstjórnarmenn þurfa að axla ábyrgðina fyrst og fremst.

Hvað myndir þú segja sveitarstjórnarmönnum og skólum umfram það að axla ábyrgð ef þú heimsæktir þá gagngert í þeim tilgangi?

Snæfríður: Segja þeim að kalla

Fyrirspurnir til Ingvars og Snæfríðar

þjónustukerfin saman, gera þetta formlegra og skilvirkara. Einnig er brýnt að huga að menntun kennara en það var mikið rætt meðal kennara að það skorti á endurmenntunartilboð í þessum málaflökki. Samráð milli hópanna þarf að efla og nauðsynlegt að tala við nemendur sjálfa um það sem þeir vilja af aðstoð. Margar niðurstaðna þessara rannsókna má yfirfæra á stöðu fleiri hópa með sérþarfir í skólakerfinu.


Ingvar: Ef í ljós kemur að skóli er ekki að standa sig að þessu leyti þá á hann að leggja fram umbótaráætlun. Þróa þarf aðferðir til ytra mats og ef kemur fram að þar séu brotalamir þá hafi skólinn 2-3 ár til að bæta úr því. Það þarf að huga að betrubótum fyrir fleiri hópa en hreyfihamlaða.

Gera þarf skýran greinarmun á aðstöðumun og mismunun.

Athyglisvert sem Snæfríður sagði um muninn á milli dreifbýlis og þéttbýlis varðandi þjónustuna. Önnur nálgun en hjá Ingvari. Snæfríður talar um dreifbýlið þar sem minni þekking er til staðar en meiri samkennd og sveigjanleiki vegna nálægðar íbúanna og þá er í raun markvissar tekið á hverju máli fyrir sig. Hjá Ingvari ræður hefðbundnara sjónarmið, þ.e. að aðstaða sé að öllu jöfnu verri í dreifbýli en þéttbýli.

Snæfríður: Dáðist að því að í dreifbýlinu eru hlutirnir bara láttnir ganga.

Ingvar: Það þyrfti að vera markvissara og ákveðnara eftirlit með skólastarfi. Ýmislegt látið viðgangast alltof lengi. Það þarf að þróa matsaðferðir í samstarfi við skóla, ytra matskerfi sem tekur til sem flestra þátta. Verður þó að vera manneskjulegra en í UK.



María Steingrimsdóttir er lektor við kennara r a d e i l d Háskólans á Akureyri. Megin við-

fangsefni eru umsjón með vettvangsnámi og æfingakennslu grunnskólanema við kennara deild HA ásamt því að kenna í grunnnámskeiðum grunnskólabrautar. Hún starfaði áður sem grunnskólakennari í tuttugu og fimm ár bæði í þéttbýli og dreifbýli. María er með M.Ed. gráðu í menntunarfræðum með áherslu á stjórnun. Frekari upplýsingar um Maríu og störf hennar má finna á [heimasíðu hennar](#).

Glærur Maríu

Í erindinu er byggt á niðurstöðum úr rannsókn þar sem fylgst var með því hvernig kennurum brautskráðum frá Háskólanum á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands vegnaði á fyrsta starfsári eftir brautskráningu. María spurði tveggja rannsóknarspurninga:

- Hvernig upplifa nýbrautskráðir grunnskólakennarar fyrsta starfsár sitt í kennslu?
- Hvernig telja nýbrautskráðir grunnskólakennarar að kennaramenntastofnanir hafi búið þá undir starfið?

Nýbrautskráðum kennara er strax á fyrsta starfsdegi falin full ábyrgð á vinnu og velferð nemenda sinna.

8. Fyrsta starfsárið er mikilvægt námsár

Það er mikil og krefjandi vinna sem bíður nýbrautskráðra kennara sem eru að fóta sig á nýjum starfsvettvangi því strax frá fyrsta starfsdegi er þeim falin full ábyrgð á vinnu og velferð nemenda sinna. Helstu vísbendingar sem fram koma í rannsókninni eru þær að þegar formlegu

kennaranámi lýkur virðast nýir kennarar horfa björtum augum á komandi starf. Margir þeirra hafa metnaðarfullar hugmyndir um á hvern hátt þeir vilja sinna starfinu og á hvað þeir vilja leggja áherslu. Það virðist þó vera raunin að hversu vel sem nýr kennari er undirbúinn í náminu þarfnast hann aðstoðar þegar á vettvang er komið. Þrátt fyrir að hafa þriggja ára kennaramenntun að baki gengur þeim misvel að fást við þessa miklu ábyrgð og margþætta og flókna starf. Í ljós kemur að það er ýmislegt sem felst í kennarastarfinu sem alls ekki er hægt að kenna í kennaranáminu en verður að lærast á vettvangi starfsins. Sterkar vísbendingar komu fram um að nýir kennarar þurfi leiðsögn sem nær bæði til faglegra og hagnýtra þátta starfsins. Koma þarf í veg fyrir óöryggi, spennu og kvíða nýliða. Skipuleggja þarf handleiðslu sem styður þá og byggir þá upp gegn álagi og streitu í starfi, eigi þeir að ná að þroskast sem fagmenn sem ná árangri í starfi sínu með nemendum.

Ákveðnar vísbendingar komu fram um að nýir kennarar fái ekki

nauðsynlegan stuðning til að geta nýtt menntun sína til fulls. Fram kom að formlegar móttökur nýliða í skólunum voru harla litlar og

Skólastjórnendur eiga aldrei að sleppa tækifæri til að fylgjast með starfi nýliðans og láta hann vita að starf hans skiptir máli fyrir skólann.

ómarkvissar og halda lítið sem ekkert utan um nýja starfsmanninn. Svo virðist sem lítill munur sé á móttökum nýliða og eldri starfsmanna þegar skólar hefjast að hausti. Eru þessar niðurstöður mjög sambærilegar við erlendar rannsóknir sem sýnt hafa fram á að þeir gefist upp, þrói með sér aðferðir til að lifa af álagið, starfsþróun verði því lítil sem engin og oft leiði það til neikvæðni. (Feiman-Nemser 2003:27).

María telur brýnt að laga nokkur atriði til að auka líkur á sterkum og framsæknum fagmönnum í kennarastétt og stuðlað geti að meiri fagmennsku í skólastarfi bæði hjá eldri kennurum og nýliðum.

Móttaka: Skipuleggja þarf móttöku nýrra kennara vel og gera þær markvissar bæði frá hendi hvers skóla og skólayfirvalda í hverju skólaumdæmi, jafnvel þótt formlega séu litlar kröfur um það í lögum og reglugerðum. Þetta þarf að gera á þann hátt að nýliðinn upplifi sig ekki í einan á báti fyrstu daga og vikur í starfi. Allir nýliðar ættu að fá sinn leiðsagnarkennara strax þegar þeir mæta til starfa.

Leiðsagnarkennari: Vanda þarf val leiðsagnarkennara, þeir þurfa að þekkja hlutverk sitt og fá fræðslu á hvern hátt þeir geta best leiðsagt nýliðum.

Leiðsögn: Tryggja þarf að skipulag leiðsagnar sé á þann hátt að leiðsagnarkennara gefist tími og tækifæri til að sinna þeim verkefnum sem markviss leiðsögn felur í sér, svo sem að fylgjast með nýliðanum í kennslustundum, og þannig veitt honum markvissa endurgjöf á starfið.

Vinnuálag: Æskilegt er að minnka vinnuálag nýliðans og gefa honum þar með tíma og ráðrúm til ígrundunar á eigið starf með aðstoð leiðsagnarkennara, stjórnenda og annarra samstarfsmanna (t.d. í Skotlandi er þeim ætlað að kenna 70% af kennsluskyldu en 30% eiga að fara í starfsþróun (Draper og Forrester 2004:10)). Þar með gæfist meðal annars tækifæri fyrir nýliðann að vera viðstaddur kennslustundir hjá samkennurum sem ná árangri í starfi sínu.

Stjórnendur: Ábyrgð stjórnenda er mikil gagnvart nýja starfsmanninum. Þeir eru ábyrgir gagnvart ráðningu hans og þurfa að gera sér grein fyrir hversu þýðingarmikil rétt innleiðing í starfið getur verið fyrir framtíð hans sem kennara. Þeir þurfa að skipuleggja leiðsögnina og skilgreina vel hlutverk leiðsagnarkennara og gera það á þann hátt að leiðsögnin verði góður stuðningur við starfsþroska nýliðans. Það er enn fremur á þeirra valdi að tími og tækifæri skipist fyrir samstarf leiðsagnarkennara og nýliða, t.d. með því að taka tillit til þess við gerð stundatöflu. Einnig ættu skólástjórnendur aldrei að sleppa tækifæri til að fylgjast með starfi nýliðans og lát hann vita að starf hans skiptir máli fyrir skólann. Hann ætti að kalla nýliða til sín í eins konar starfsmannaviðtal eftir einn til tvo mánuði til að heyra frá þeim hvernig málin standa og láta þá vita hvað þeim sjálfum finnst um störf þeirra.

Skólástjórnendur þurfa að vinna að málum nýliða í samstarfi við skóla-

yfirvöld í hverju skólaumdæmi og ekki síður þarf fagfélag kennara að vera meðvitað um þarfir nýliða og setja fram skýra stefnu um mikilvægi móttöku og leiðsagnar með nýliðum.

Rannsóknir hafa bent á að fátt hefur meiri áhrif á námsárangur nemenda eins og vel menntaðir og hæfir kennarar (Darling-Hammond 2000). Enn fremur sýna nýlegar erlendar rannsóknir að þeir kennarar sem fá markvissa leiðsögn í upphafi, verða skuldbundnari starfinu og ná betri árangri.

Við höfum þörf fyrir áhugasama vel menntaða kennara sem eru skapandi og frjóir og þannig betur í stakk búnir til að mæta þörfum allra nemenda í fjölbreytilegu þjóðfélagi. Með þetta í huga er nauðsynlegt að veita þeim markvissa leiðsögn í upphafi starfs og stuðla þannig að framþróun í skólastarfi.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson er prófessor við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Hann er með doktorspróf í menntunarfræðum frá Wisconsinháskóla, Madison, kandídatpróf í sagnfræði frá HÍ 1983 og kennarapróf frá sama skóla. Helstu rannsóknir Ingólfs Ásgeirs á sviði menntamála eru um menntastefnu á síðari hluta 20. aldar og upphafi þeirrar 21.; breytingar á kennarastarfinu og kenningar um sérhæfingu og kynjafræði og skólastarf.

Frekari upplýsingar um Ingólf Ásgeir og störf hans má finna á [heimasíðu hans](#).

9. Kynjamyndir kennarastarfsins.

Eru tengsl milli kyns kennara og árangurs nemenda í PISA?



Glærur Ingólfs

Ingólfur greindi frá tveimur rannsóknum. Annars vegar viðtalsrannsókn við 14 kennslukonur í íslenskum grunnskól-

um. Hins vegar athugun á nokkrum skólaþróunaradferðum.

Tvær fullyrðingar hafa heyrst um þróunina á hlutfalli kynja við kennslu. Skólakerfið er að kvenvæðast. Er þá verið að gefa til kynna að konurnar séu ekki að standa sig eða að kennslukonur hafi neikvæð áhrif á skólakerfið? Hin fullyrðingin

snýst um að það vanti karlmenn til kennslu og er hún dæmigerð fyrir hálf sannleik. Einnig er rætt um ýmsar kynjamyndir og hvernig almenningur ætlast til ólíkra hluta af kennslukonum og kennslukörlum. Kenna karlkennarar öðruvísi en kvenkennarar? Kennarar vilja blandaðri vinnustaði og ímyndir um kyn hafa mikil áhrif. Kennslukonur eru að sjálfsgöðu jafn ólíkar

hver annarri og karlkennarar innbyrðis eða milli karl- og kvenkennara en kynjavíddin hefur mikil áhrif á umræðuna. Ingólfur hefur skoðað tölur um kyn kennara og árangur nemenda á PISA og leggur til að kynjafræðipækning kennara verði aukin til að þeir geti áttað sig á hvort að drengir og stúlkur eigi við ólíkan námsvanda að glíma. Til frekari upplýsingar um rann-

sóknir og athuganir Ingólfs er vísað til útgefins efnis hans, m.a. bókarinnar Karlmennska og jafnréttisuppeldi.

Eru konurnar ekki að standa sig eða hafa kennslukonur neikvæð áhrif á skólakerfið?

María, þú talar um lengingu kennaranáms og leiðsögn – dugar annað eða þarf bæði?

María: Lenging dugir ekki ein og sér, leiðsögn þarf að koma til líka. Það eru möguleikar innan 9,14 rammans sem er ætlaður til faglegra starfa til að koma því við. Það fer auðvitað líka eftir því hvað felst í lengingu námsins en það er margt sem lærist ekki fyrr en á vettvangi.

Kannaðir þú hvernig tíminn sem nú er fyrir hendi til stuðnings er nýttur?

María: Ákvæði um heimild skólastjóra til að veita nýliðum tíma til stuðnings fór út í síðasta kjarasamningi. Kennsluskyldulækkun til staðar en dugir ekki ein og sér. Helmingur nýliða í könnuninni fékk leiðsagnarkennara og nokkrir fengu leiðsagnarkennara eftir áramót. Það virðist því fara eftir góðhjörtuðum

Fyrirspurnir til Maríu og Ingólfs

kollegum hvernig kennurum vegnar á fyrsta starfsári sínu.

Hvað með mikilvægi þess að ræða karlmennskuhugmyndir drengja, sem helst mega ekki sjást læra en verða samt að vera klárir. Þetta er stórt mál og tengist valdi námsgreina og hvað er tekið almennilega til umfjöllunar í grunnskólum.

Ingólfur, þú komst ekki inn á það en þetta hefur áhrif á árangur drengja.

Ingólfur: Sammála, en rannsóknir vantar á þeim mikla mun sem er í dreifbýlinu á frammistöðu stúlkna og drengja. Aðeins ágiskanir um það hver orsök kynjamunar er t.d. í PISA. Eru hlutverk kennslukarla og kennslukvenna ólík?

Kenna karlar öðruvísi en konur?

Ingólfur: Rannsóknin byggir bara

á 14 viðtölum. Margt bendir til að svo geti verið en það er ósannað.


Vantar drengi tengsl við fyrirmyndir í atvinnulífi og tengist þetta því hversu bóknámsmiðaður skólinn er orðinn?

Ingólfur: Drengir mættu gjarnan hafa fleiri fyrirmyndir með karlmönnum í hefðbundnum kvennastörfum á vinnumarkaði. Hins vegar er stórhættulegt að miða verknámskerfi við drengi því þar reyni minna á kollinn – þannig hefur viðhorfið verið – þó að það reyni ekkert síður á kollinn.

Var munur, María, eftir því hvort kennarar höfðu útskrifast úr fjar- eða staðarnámi?

María: Rannsóknin náði ekki til fjarnámsnemenda aðeins dag-skólanemenda.

II. hluti Skólaþróun í ljósi mats og mælinga



Rúnar Sigþórsson er dósent í menntunarfræðum við kennaradeild Háskólans á

Akureyri og hefur kennt við HA frá haustinu 2000. Hann starfaði við kennslu, skólastjórnun og kennsluráðgjöf til ársins 1999. Hann hefur einnig verið stundakennari við framhaldsdeild KHÍ og í meistaranámi í menningar- og menntastjórnun við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Hann er með B.Ed. próf frá Kennaraháskóla Íslands auk 15 eininga fjarnáms í skólastjórnun frá sama skóla 1994 og M.Phil. prófi frá Cambridgeháskóla 1996. Rúnar er doktorsnemi við Kennaraháskóla Íslands. Viðfangsefni hans í kennslu og rannsóknum eru kennslufræði og námsmat, starf í fámennum skólum, sjálfsmat og skólaþróun. Frekari upplýsingar um Rúnar og störf hans má finna á [heimasíðu hans](#).

Glærur Rúnar

Rúnar vinnur að rannsókn um þessar mundir í doktorsnámi við Kennaraháskóla Íslands sem hefur það að meginmarkmiði að rannsaka áhrif samræmdra prófa á kennsluhætti á

10. Samræmd próf og skólaþróun: Hjálp eða hindrun

mið- og unglíngastigi grunnskóla í íslensku í 7.-10. bekk og náttúrufræði í 8.-10. bekk.

Samræmd próf gegna veigamiklu hlutverki við námsmat í íslenskum grunnskólum. Yfirlýstur tilgangur prófanna á yngsta stigi og miðstigi, þ.e. í 4. og 7. bekk, er að gefa kennurum, nemendum og foreldrum upplýsingar um stöðu nemenda í námi, einkum í því skyni að hægt sé að nota þessar upplýsingar til að skipuleggja áframhaldandi nám nemenda. Tilgangur samræmdra prófa í 10. bekk er augljóslega nokkuð annar þar sem þau eru haldin við lok grunnskólans og eru meðal annars aðgöngumiði nemenda að framhaldsskólum. Miklar tölfræðilegar upplýsingar liggja fyrir um niðurstöður samræmdu prófanna. Hins vegar skortir rannsóknir á beinum áhrifum prófanna á skólastarf. Talsverð umræða er um meint neikvæð stýringaráhrif prófanna, einkum á unglíngastigi, en hins vegar skortir rannsóknir á því hér á landi hversu mikil þessi stýringaráhrif eru – eða hvort þau eru yfirhöfuð einhver.

Rannsókninni Rúnar er ekki lokið og þannig að ekki ber að taka það sem hér kemur fram sem niðurstöður hennar. Rúnar valdi

að gera þrjú atriði að umtalsefni á málstofunni.

- Samræmd próf og ábyrgðarskylda skóla
- Samræmd próf og Aðalnámskrá skóla
- Samræmd próf og einstaklingsmiðað nám

Talsverð umræða er um meint neikvæð stýringaráhrif samræmdu prófanna

Opinberar skilgreiningar á hlutverki samræmdra prófa bera með sér hugmyndir um einhliða stjórnsýsluábyrgð – mat á námi. Hugmyndir um gagnsemi prófanna virðast byggjast á því að með ytra aðhaldi, í formi ítarlegra markmiða í ríkisnámskrá og samræmdra prófa sem byggjast á henni, megi bæta skólastarf. Í opinberum skilgreiningum á hlutverki prófanna er tiltölulega óskýr sýn á faglega ábyrgð sem felst í að nýta niðurstöður prófanna til leiðsagnar fyrir nemendur – mat í þágu náms. Ef við gefum okkur að ábyrgðarskylda sé skynsamleg þarf stjórnsýsluábyrgð að haldast í hendur við faglega ábyrgð sem hefur að

leiðarljósi að efla skólann innan frá með því að nýta niðurstöður prófanna til leiðsagnar um kennsluhætti og annað innra starf. En eru samræmdu prófin skilvirk leið til þess ef þau gefa einungis upplýsingar um árangur á afmörkuðu sviði námskrárinnar og hjá hluta hvers árgangs eftir að lokaprófin urðu valfrjáls? Þessi upplýsingasöfnun stjórnvalda tekur heldur ekki með nokkrum hætti til list og verkgreina í skólum.

Samspil samræmdra prófa við aðalnámskrá mjög flókið. Samræmd próf ná ekki til allra áherslupátta aðalnámskrár en væntanlega á að vera um gagnkvæmt samspil að

kennslu og tilraunir í náttúrufræði hafa orðið að víkja að nokkru leyti fyrir yfirferð námsbóka, vegna þess að kennarar telja hið síðarnefnda vænlegra til árangurs á samræmdu prófi, sem leggi áherslu á staðreyndabekkingu þó námskráin ætlist til þess fyrrnefnda engu að síður.

Í Aðalnámskrá er lögð þung áhersla á einstaklingsmiðun náms og birtist sams konar áhersla nú í skólastefnu margra sveitarfélaga. Slíkri áherslu hlýtur að eiga að fylgja einstaklingsmiðað námsmat. Samræmd próf hafa ekki jákvæð áhrif á þá sem standa höllum fæti og taka ekki tillit til einstaklingsbundinna þátta. Þau

ir menntunarfræðingar hafa í vaxandi mæli áhyggjur af nemendum úr þjóðfélagshópum sem standa illa að vígi félagslega og efnahagslega í ljósi þessarar mótsagnar. Þverstæða er þannig byggð inn í námsumhverfi íslenskra grunnskólannemenda. Annars vegar er Aðalnámskrá með samræmdri, árgangsbundinni markmiðssetningu sem fylgt er eftir með samræmdum prófum. Hins vegar er í þessari sömu námskrá – og raunar grunnskólalögunum – skýr krafa um einstaklingsmiðað nám sem er skipulagt og metið á forsendum einstakra nemenda en ekki út frá samanburði við árganginn.

Loks má nefna þá vel þekktu tilhneigingu okkar að miða kennsluna við það námsmat sem við vitum að fylgir henni. Af þessu leiðir að við verðum að hugsa þrennt í samhengi: Námskrá, kennsluhætti (framkvæmd kennslunnar) og námsmat. Ef við ætlum að breyta kennsluháttum verður það að endurspeglast í námsmatinu. Þess vegna er það líklegt að námsmat – sem við leggjum jafn mikið upp úr og raunin er með samræmdu prófin og er í jafn föstum skorðum sem kennarar fá engu um breytt – standi fyrir þrifum framsæknum hugmyndum um breytta kennsluhætti á borð við það einstaklingsmiðaða nám sem nú er í hávegum haft í stefnumótun margra skóla og sveitarfélaga.

Samræmdu prófin virðast hafa talsverð áhrif í þá átt að sveigja viðfangsefni nemenda í átt frá því sem gert er ráð fyrir í Aðalnámskrá, t.d. í náttúrufræði.

ræða enda hefur námskráin bein áhrif á prófin sem samin eru út frá henni. Þá hafa prófin væntanlega áhrif á framkvæmd námskrárinnar – á það hvernig kennslan og námið fer fram í skólanum. Tilgáta Rúnars er hins vegar sú að samræmdu prófin, í þeim greinum er hann hefur skoðað, hafi talsverð áhrif í þá átt að sveigja viðfangsefni nemenda í átt frá því sem gert er ráð fyrir í Aðalnámskrá og nefnir dæmi frá náttúrufræðikennurum sem hann ræddi við. Þeir segja verklega

leiðbeina ekki nemendum um það hvernig þeir geta gert betur. Í prófunum kemur nefnilega fram sérkennileg mótsögn sem felst í því að samræmd próf hafa yfirbragð hlutlægni og réttlætis í þeim skilningi að meðhöndla alla jafnt en einmitt þessir sömu eiginleikar gera óhægt um vik að taka tillit til mannlægra þátta og einstaklingsbundinna þarfa. Stundum er bilið of breitt og virkar því letjandi fyrir þá sem síst skyldi og kennslan tekur að miðast við námsmatið. Bandarísk-



Amalía Björnsdóttir er dósent í aðferðafræði við KHÍ og hefur starfað við skólann í 10

ár fyrst sem lektor og síðan sem dósent. Amalía er með doktorspróf í megindlegri sálarfræði frá Háskólanum í Oklahoma auk BA prófs í sálarfræði frá Háskóla Íslands og uppeldi og kennslufræði frá sama skóla. Hún hefur m.a. rannsakað áhrif umhverfis og erfða á kynjamun í stærðfræði, möguleika á að tengja staðbundin próf við stöðluð próf, skrifað greinar og flutt erindi um niðurstöður samræmdra prófa og PISA.

Frekari upplýsingar um Amalíu og störf hennar má finna á [heimasíðu hennar](#).

Glærur Amalíu

Árið 1997 ákvað OECD að hefja alþjóðlegar rannsóknir á námslegri stöðu 15 ára unglinga og kallaði rannsóknir þessar PISA eða Programme for International Student Assessment. Fara þær fram á þriggja ára fresti. Í fyrstu PISA könnuninni sem fram fór árið 2000 var lögð sérstök áhersla á læsi, 2003 var að stærðfræði, í haust 2006 verður áherslan á náttúrufræði og árið 2009 aftur á læsi. 41 þjóð tók þátt í PISA rannsókninni árið 2003.

Í fyrirlestrinum velti Amalía upp

10. Skólaþróun og námsmat

Íslenskt skólakerfi þarf að hlúa betur að sterkum nemendum en hingað til hefur verið gert en einblína ekki eingöngu á þá sem lakar standa.

Þeirri spurningu hvað niðurstöður í PISA, alþjóðlegri rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda væru að segja um íslenskt skólakerfi, hvaða skilaboð þær senda og hvaða við getum lært af þeim. Hún dró saman niðurstöður um árangur íslenskra ungmenna og bar saman við árangur ungmenna í nágrannalöndunum. Sérstaklega fjallaði hún um þann óvenjulega kynjamun sem kemur fram hjá íslensku ungmennunum og þá litlu breidd sem er í árangri, þ.e. hlutfallslega fáir íslenskir nemendur ná sérstaklega góðum árangri. Amalía taldi augljóst að íslenskt skólakerfi þyrfti að hlúa betur að sterkum nemendum en hingað til hefði verið gert en einblína ekki eingöngu á hina sem lakar standa. Hún velti jafnframt upp þeirri spurningu hvort þessar niðurstöður segi aðra sögu en niðurstöður samræmdra prófa og með hvaða hætti megi nýta betur niðurstöður samræmdra prófa og alþjóðlegra rannsókna til skólaþróunar. Góðu fréttirnar fyrir okkur eru þær að fáir nemendur falla í þann flokk sem stendur illa í stærðfræði og stúlkurnar standa sig vel. Það er lítil munur milli skóla og áhrif af félagslegri stöðu er einnig lítil. Verri fréttir eru hins vegar þær

að fáir nemendur standa sig vel í stærðfræði og árangur piltanna er slakur. Ekki er hægt að skýra mismunandi árangur nemenda Íslandi út frá þeim skóla sem þeir ganga í því lítil munur er á skólum á Íslandi miðað við önnur lönd og áhrif félagslegrar stöðu lítil. Það þarf hins vegar ekki að þýða að það sé lítil munur á einstaklingum.

Amalía taldi nauðsynlegt að talnafólkið, eins og hún kallaði það (sem þætti tölur gjarnan skemmtilegri en fólk), þyrfti að verða öflugra við að miðla niðurstöðum gagnasafna, skýra niðurstöður rannsókna sem þessara og gera aðgengilegri upplýsingarnar og skiljanlegri þeim sem skilja þurfa. stór gagnasöfn, niðurstöður. Niðurstöður PISA gefa okkur upplýsingar um árangur nemenda á Íslandi í samanburði við nemendur annarra landa. Prófuð er hæfni fólks til að lesa fyrst og fremst ólíkan texta, skilaboð, myndir, gröf o.fl. Íslenskir nemendur eru ekki nógu duglegir að lesa og vinna með texta – sem ræður hæfni til þess að læra.

Við höfum lítið af slökum nemendum, sterka miðju en of fáa afbragðsnemendur.

Markmið PISA rannsóknarinnar er að vera stefnumótandi fyrir menntakerfi framtíðar og gefa mynd af kunnáttu og hæfni nemenda við lok skyldunáms. Vísbendingar hafa komið fram um samhengi niðurstaðna úr kunnáttuprófinu annars vegar og einkenna einstaklings og skólakerfis hins vegar. Um er að ræða útvíkkun á hugtakinu „læsi”

frá því sem við höfum áður túlkað það sem er ætlað að fjalla um getu nemenda til þess að nýta sér þekkingu og hæfni í ákveðnum lykilgreinum til þess að greina, skilja og tjá mismunandi vandamál hins daglega lífs.

Við komum ágætlega út í PISA 2003 ef við skoðum meðaltal,

erum á svipuðum slóðum og aðrar Norðurlandabjóðir fyrir utan auðvitað Finnland, sem sker sig úr. Við höfum lítið af slökum nemendum, sterka miðju en of fáa afbragðsnemendur miðað við önnur lönd sem eru yfir meðallagi. Við verðum að gera meira fyrir sterka nemendur.

Af hverju getum við ekki verið með samræmd próf sem eru meira eins og PISA og stjórnar ekki kennurum og kennsluháttum líkt og samræmdu prófin? Þurfum að búa til mælitæki sem stýrir ekki eins og samræmdu prófin?

Amalía: Ef PISA væri birt fyrir einstaka skóla þá hefði það sömu áhrif og samræmdu prófin. Skólar færu að láta það hafa áhrif á skólastarfið. Fólk gerir ákveðnar kröfur til tölulegra upplýsinga og foreldrar myndu varla samþykkja að fá engar svona tölulegar upplýsingar frá skólunum.

Rúnar: Vel hægt að breyta samræmdu prófunum í átt að PISA. Fyrst og fremst æskilegt að breyta samræmdu prófunum svo þau mæli meira en þau gera í dag en erfitt að búa til próf sem mælir huglæga þætti. Viljum áreiðanleg próf en margt sem erfitt er að meta.

Mesta godsögn sem til er að upplýsingar skipti máli. Upplýsingar geta skipt máli en það er ekki víst að þær geri það. Kvarðar taka völdin óháð öðru. Samræmdu prófin skipta engu máli í skólaþróun en hafa verið

mjög stýrandi. Hverju er maður nær þegar maður hefur allar þessar upplýsingar frá samræmdu prófum eða PISA? Veit maður frekar hvað maður á að gera við þessar upplýsingar sem kennari. Hvað þarf að vera í svona matskerfi til þess að þessar tölur geri gagn? Veit skólinn hvað hann á að gera við upplýsingarnar. Upplýsingarnar í sjálfu sér veita ekki þá leiðsögn sem maður heldur meðan maður hafði þær ekki. Hvað þarf að vera í matskerfi, talnakerfi til þess að þær geri gagn?

Amalía: Erfitt að koma með lausirnar, þótt maður geti komið með upplýsingarnar. Það ergir stundum talnafólkið að ætlast er til þess að það komi með aðgerðaáætlanirnar líka en ekki bara að leggja fram upplýsingarnar.

Fræðimannaafstaða. Hættulegt að koma með upplýsingarnar en veita enga leiðsögn um hvernig eigi að nota þær. Sérfræðingar láta sem upplýsingar séu merkilegar fyrir aðra að nýta.

Fyrirspurnir til Rúnars og Amalíu

Rúnar: Við Amalía erum bæði úr sveit og vigtuðum lömbin á haustin og það allt. Tölurnar í sjálfu sér sögðu okkur ekkert um það hvernig fá mætti þyngri skrokka. Ekkert í tölunum sjálfum sem segir okkur hvað við eigum að gera við þær. Hvað má gera í framhaldinu liggur í innra starfi skólanna. Í annarra verkahring að gera e-ð úr þeim, þeirra sem taka við þeim og þekkjá aðstæður.

Finnst sem áherslur samræmdra prófa hafi verið að nálgast PISA, og komi nú meira inn á almenna þekkingu á daglegu lífi. Íslensku samræmdu prófin miða við tiltekið námssefni og eru því meira stýrandi en ef þau væru líkari PISA, kannski væru þau samt stýrandi eins og Amalía bendir á ef niðurstöður væru birtar fyrir einstaka skóla?

Rúnar: Hef ekki forsendur til að greina það hvort þau séu nær PISA en áður. Svo eru skoðaðar ýmsar bakgrunnsbreytur í PISA fram yfir samræmdu prófin, ýmsir spurn-

ingalistar o.þ.h. sem fylgja. E.t.v. væri hægt að láta eitthvað fleira fylgja í samræmdu prófunum.

Amalía: Stundum hafa fylgt spurningalistar til kennara og skólastjóra með samræmdum prófum.

Birting niðurstaðna eftir skólum er það erfiðasta við samræmdu prófin,

sbr. Einholtsskóli á sínum tíma, afar ósanngjarnt. Athyglisvert að skoða hversu mikilvægir þættirnir sem verið er að prófa úr, eru í raun, t.a.m. málfræðipáttur íslenskuprófsins. Ef við viljum halda samræmdu mati – hvernig á að meta samræmt í greinum sem ekki eru samræmt prófaðar í dag? Ef við viljum halda

kerfinu, þá þarf að koma til samræmt mat í öllum greinum.

Rúnar: Sterk tilhneiging til þess að mæla það sem hægt er að meta og það fær þá meira vægi og verður óhjákvæmilega mikilvægara fyrir vikið.

III. hluti Pallborð

Pallborð skipuðu fulltrúar þeirra hagsmunaaðila sem til málstofunnar voru boðaðir. Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri í Grundarfirði, Andrés Sigurvinsson framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs Vestmannaeyjabæjar, Sigþór Magnússon skólastjóri, Trausti Þorsteinsson forstöðumaður skólaþróunarsviðs HA og Margrét Erlingsdóttir formaður fræðsluráðs Árborgar. Þau fengu hvort um sig örfáar mínútur til að tjá sig um það sem þeim lá á hjarta og svöruðu síðan fyrirspurnum frá málstofugestum í kjölfarið.

Andrés Sigurvinsson



Andrés taldi erindi Óskars um tilgang og árangur s a m e i n i n g a grunnskóla geta hafa verið að fjalla um ástand

þessara mála í Vestmannaeyjum.

Óljóst er oft í umræðunni hvar ábyrgðin liggur og hver skuli svara hverjum.

Erfiðlega hefði gengið að fá opna og almenna umræðu um skólamálefnið í bænum en bæjaryfirvöld ákváðu fyrir þrem árum að fara út í almenna endurskoðun. Heildarúttekt var gerð á öllum skólastigum og íþrótt- og æskulýðsstarfi. Skólarnir hefðu sýnt slakan árangur í samræmdum prófum, líðan drengja sérstaklega í skól- anum ekki verið góð og mikið um brottfall úr íþróttum. Óljóst er oft

í umræðunni hvar ábyrgðin liggur og hver skuli svara hverjum. Í Vestmannaeyjum var umræðan eins og ábyrgðin lægi hjá skólunum einvörðungu. Háskólinn á Akureyri gerði úttektarskýrslu á þessu og sett var af stað verkefnastjórn. Eyjasamfélagið um margt sérstakt og þarf að vera sjálfum sér nægt. Markmið úttektarinnar var að nýta peninganna betur, ekki spara, heldur hagræða. Skiluðu skýrslu 2005, sem er inn á netinu og niðurstaðan var ný skóla- og æskulýðsstefna. Búið að ráða einn skólastjóra fyrir báða grunnskóla Vestmannaeyja en ferlið fór í baklás hvað leikskóla varðar – annar samstarfsflokkurinn dró til baka að klára leikskólamálin – frestuðu ráðningu á leikskólastjóra.

Björg Ágústsdóttir

Fyrir 2 árum hélt sambandið ráðstefnu um hvort sveitarfélög hefðu í raun tekið yfir grunnskólann á þeim 8 árum sem þá voru liðin frá



yfirfærslunni, hefðu þau sett sitt mark á hann og nýtt þau tækifæri sem gáfust? Hvaða hindranir hafa verið í veginum?

Niðurstaðan var m.a. sú að lög standi ekki veginum fyrir þróuninni, nokkuð samhljóða niðurstöðum Jóns Torfi hér á undan. Hins vegar séu kjarasamningar meiri hindrun og er sú upplifun sterk meðal sveitarstjórnarmanna. Það hefur kristallast hér í dag hversu vandmeðfarin þessi málaflökkur er. Mörg eru dæmin um mikið viðnám vegna sameiningar sveitarfélaga og skóla og svo lægir öldurnar og ánægja fylgir í kjölfarið. Sveitarfélög núna fyrst að ná áttum og eru verða tilbúin að koma inn í það faglega. Það er ekki bara skólafólksins að hafa skoðun á skólamáli og sveitarstjórnarmenn þurfa að hafa áráði til að koma sterkar þar inn. Þeir eiga að vera sérfræðingar í að túlka skoðanir íbúa og foreldrar eru sérfræðingar í sínum börnum. E.t.v.

Það er ekki bara skólafólksins að hafa skoðun á skólamáli, sveitarstjórnarmenn þurfa að hafa áráði til að koma sterkar þar inn.

hafa sveitarstjórnarmenn látið það um of í hendur fagfólksins að hafa skoðun á þessum málaflökki og þess vegna eru þeir ekki fleiri hér í dag. Sveitarstjórnarmenn tala um hversu miklu fjármagni er varið til málaflöksins og hafa til þess fullan rétt. Þeir þurfa að afla sér betri vitneskju um nýtingu þess fjármagns.

Björg undraðist að reyndir kennarar fengju kennsluafslátt en ekki nýliðarnir, það ætti að vera öfugt og nefndi þetta sem eitt dæmi um stýringu kjarasamninga. Athyglisvert að heyra Amalíu nefna að við þurfum að gera meira fyrir afburðanemendur. Hversu vel eru fjármunirnir að nýtast í sérþjónustuúrræði, og hvernig gætum við nýtt fjármuni í afburðanemendur.

Margrét K. Erlingsdóttir



Sameining grunnskóla í Árborg mætti mikilli andstöðu í samfélaginu hjá bæði íbúum og starfsmönnum. Ávinningurinn átti bæði að vera rekstrarlegt hagræði og betra faglegt starf. Húsnæðislega varð niðurstaðan e.t.v. betri en skólinn óx

Sameining grunnskóla í Árborg mætti mikilli andstöðu, bæði hjá íbúum og starfsmönnum.

langt umfram væntingar og er nú 800 manna skóli í 2 byggingum. Fjárhagslega sparaðist ekki neitt, því aukið fé þurfti til skólans og erfiðara var að koma þessu saman. Það var galli á úttektarskýrslunni að ekki skuli hafa verið tekið mið af hugsanlegri íbúaþróun. Forsenda sameiningar í Árborg að einn skólinn yrði of lítill en þróunin varð í gagnstæða átt. Á s.l. ári var 7% fjölgun íbúa í Árborg. Grunnskólabörnum fjölgaði og skóli sem átti að fara minnkandi hefur farið ört stækkandi.

Margrét taldi erindin á málstofunni hafa verið áhugaverð i – einkum það um hlutverk skólastjóra. Hún taldi mikilvægt að inn í skólum væri starfsfólk með rekstrar-menntun á kostnað deildarstjóra. Skólastjórar eiga ekki að vera sinna því, þeir eiga að sinna sínu faglega starfi og forystuhlutverki.

Sigþór Magnússon



Við sem vorum bjartsýn á árangur verkefnafærslu grunnskólans til sveitarfélaga höfðum rétt fyrir okkur. Sveitarfélögin hafa staðið undir væntingum í grunnskólamálu og samkeppni milli sveitarfélaga er jákvæð. Í erindinu um hlutverk skólastjóra var vel greint frá því hve fjölbreytt og krefjandi það starf er. Skólastjórum er ætlað að vera bæði rekstrarstjórar og faglegir leiðtogar í skólunum en er ekki alltaf auðvelt. Þátttakendur í málstof-

Sveitarfélögin hafa staðið undir væntingum í skólamálu og samkeppni milli sveitarfélaga er jákvæð.

unni í dag eru margir kollegar úr skólageiranum. Sigþór saknaði hreinræktaðra sveitarstjórnarmanna og líka kennara. Skólastjórar eru oft uppteknir af því að undirstrika sérstöðu sína en þurfa að muna meira eftir kennurunum, að taka þá með.

Sigþór taldi sambandið þurfa að stíga stærrí skref – setja upp deild sem væri sterkur milliliður og tenging við rannsóknastofnanir háskólanna. Þá áleit hann það stóran galla að samræmdu prófin skyldu vera lokapróf grunnskólans og því væri ekkert unnið meira með þau. Nemandinn fær einkunn sem ræður inngöngu í framhaldsskóla og búið. Það þyrfti að taka þau til endurskoðunar þar sem þau stýrðu á neikvæðan hátt. Prófin sjálf hafa samt batnað ekki síst með þeim möguleika á að taka þau í 8. bekk og 9. bekk.

Trausti Þorsteinsson:



Lýsti yfir ánægju með frumkvæði sambandsins en þótti heldur lítill hluti málstofugesta vera sveitarstjórnarmenn. Líta þeir svo á að þetta sé bara málefni þeirra

sem starfa á skólasviðinu eða er það svo að við drögum þá ekki nægilega mikið inn í umræðuna? Mikilvægt er að sambandið eflí starfsemi sína á þessu sviði. Það hefur fyrst og

fremst lagt áherslu á fjármála- og launabáttinn. Sambandið þarf að eiga meira samstarf við ráðuneytið og setja sér stefnu í málaflöknum.

Sambandið þarf að eiga meira samstarf við ráðuneytið og setja sér stefnu í málaflöknum.

Skólinn er of kyrrstæður, lagar nemendur að sér, í stað þess að laga sig að nemendum. Hefur grunnskólinn fylgt hraðri þróun samfélagsins og ef ekki, hvers vegna?

Trausti: Það miðar hægt en það er eðli skólaþróunar en ýmislegt er að gerast. Við erum þátttakendur í ferlinu og gerum okkur ekki alltaf grein fyrir breytingum. Skólinn er allt önnur stofnun í dag en var.

Björg: Þetta er spurning um þá mestu áskorun sem skólarnir standa frammi fyrir. Sveitarfélögin eru betur í stakk búin að laga skólann að breyttu samfélagi en ríkið, sbr. upplýsingatæknina.

Sigþór: Skólinn á margan hátt að gera vel og hefur batnað og breyst. Samræmdu prófin stuðla þó að einsleitni og spurning hvernig honum er að takast að sinna einstaklingsmiðuðu námi.

Andrés: Skólastarf er of mikið niðurnjörvað. Viðmiðunartími og rammí í kjarasamningum eru ofboðslega hindrandi. Vantar meiri áherslu á list- og verknám. Nú er þó farið að ræða skólastarf í Vestmannaeyjum sem er mikil

framför.

Ætla nú frekar að vera með hvatningu en spurningu. Las bók eftir Dwight Allen um það hvernig ætti að umbylta bandaríska skóla-kerfinu. Talað er um bandaríska milljarða dollara. Vel getur samt verið að eitthvað hafi mjakast eftir verkefnaflutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga. En fjárhæðir í þróunarstyrkjum vegna grunnskóla er bara smáræði ef miðað er við t.d. samgöngukerfið. Við þurfum að hugsa stórt. Það þarf miklu meira til. Það þarf að taka mun stærri skref til að ná raunverulegum árangri. Mynduð þið geta treyst ykkur til að meta ykkur sjálf á hlutlægum mælikvarða?

Börkur: Ánægja ríkir með yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga – og þetta er staðreynd hjá hagsmunaaðilum. En það eru blikkandi ljós. Sveitarfélögin fara fram úr sjálfum sér líkt og í nágrannalöndum og skólarnir sitja uppi með fyrirskipanir og ekkert sjálfstæði. Íhlutunin getur orðið of

Pallborðsumræður

mikil. Það má ekki vera of mikil pressa. Alltaf er verið tala um samræmd próf og stýrigildi þeirra. Spurningin er, hvers vegna ekki að breyta pólitík og breyta matinu. Ekki vera alltaf bara að meta afraksturinn. Standa vel að verki við að meta innra starfið til að búa til fóður fyrir umræðuna, sem er önnur og meiri en sú hvernig nemandi stóð sig í samræmdu prófi, og stuðla þar með að bæt- um árangri.

Trausti: Ekki líta framhjá þeim fjárveitingum sem sveitarfélögin eru sjálf að veita til þróunarstarfs. Umhugsunarvert sem á var bent að það fé sem fer í endurmenntun og þróun, t.d. Verkefna- og námsstyrkjasjóður KÍ sem sveitarfélög landsins sjá um að fjármagna með tugum miljóna króna á hverju ári. Miklar fjárveitingar fara einnig í námsheimsóknir kennara. Í raun fer mikið fjármagn til málaflokksins. Það þarf að sýna betri nýtingu á fjármunum og hvernig þeim er varið Vantar að sýna fram á betri nýtingu þess fjár sem veitt er. Ekki forsvaranlegt að sam-

bandið hafi ekki mótað sér heildarstefnu í skólamálu – eiga að mæta menntamálaráðuneytinu í þessum málum og hvernig er það hægt ef ekki er til heildarsýn. Miðstýring í kerfinu, en sveitarfélög beina öllu til menntamálaráðuneytis og hafa svarað því þannig til að stefna í málaflokknum sé á höndum menntamálaráðuneytis. Þetta er ekki nógu gott.

Margrét: Mikilvægt að sveitarfélög setji sér skýra stefnu – endurskoðun grunnskólalaga stendur yfir og í þeim eru atriði sem sveitarfélög vita ekkert um. Megum ekki gleyma að skoða samfélagslega þróun við mat á skólastarfi. Hefur skólastarf batnað með auknu fjármagni? Við viljum hafa grunnskólann en erum við að stjórna honum? Höfum við kjark til þess í minni sveit-

arfélögum? Ef gera á breytingar í skólastarfi – þá fara tilfinningar af stað ... þorum við að taka af skarið? Allt of oft þorum við það ekki. Skólafólk er líklega tilfinningaríkasta fólk landsins. Ríkið setur lögin. Vantar samráð af hálfu ríkisins við lagasetningu. Mjög mikilvægt að samfélagsleg þróun og mat á skólastarfi fari saman.

IV. hluti Samantekt og lok málstofu

Gretar L. Marinósson:



Nýrri kenningar í opinberri stjórnun benda á að stefnumótun sé hvergi nærri eins rökleg og oft er látið í veðri vaka. Fjölmargir þættir og þátttakendur koma við sögu á öllum stigum ferlisins og hlutverk þeirra eru ekki alltaf afmörkuð. Þannig getur stefna til dæmist mótast af mögulegri lausn sem verið hefur til í langan tíma þótt vandamálið sem hún á að leysa sé nýtt. Það skiptir sem sagt máli hvenær og hvernig heppilegar lausnir verða á vegi þeirra sem hafa tækifæri til að beita þeim á vandamál sem sammáli er um að þurfi að leysa. Þetta er flókið ferli og þess vegna geta samskipti rannsakenda, stefnumótenda og embættismanna eins og hér fara fram einnig verið flókin. Því er gott að reyna að einfalda slíkan fund og setja í ramma eins og hér hefur verið gert með góðum undirbúningi. Einnig skiptir máli að húsnæðið er ekki of stórt til að umræður geta sem best farið fram.

Þetta varð annars konar fundur en ég bjóst við. Ég bjóst við að sveitarstjórnarmenn mundu hafa sig meira í frammi og mynda mótvægi við innlegg rannsakendanna. En það var eiginlega ekki fyrr en nú

Hvers vegna leyfa sveitarstjórnarmennirnir okkur fræðimönnunum að tala svona mikið án þess að beina umræðunum að því sem þeir hafa áhuga á og áhyggjur af?

síðast í pallborðinu sem við fengum að heyra hvað það er sem þeir hafa áhuga á og áhyggjur af. Og þá kom í ljós að það voru atriði eins og viðkvæmni samfélagsins gagnvart öllum breytingum á skólalaldi, sameining skóla til hagræðingar og skortur á rekstrarþekkingu í skólum. Þangað til minntu umræðurnar mig á það sem fram fer daglega á mínum vinnustað meðal fræðimanna og sérfræðinga. Hvers vegna leyfa sveitarstjórnarmennirnir okkur fræðimönnunum að tala svona mikið án þess að beina umræðunum að því sem þeir hafa áhuga á og áhyggjur af? Mundi það ekki gefa rannsakendum ný viðfangsefni?

Nokkrar spurningar vöknudú við að hlýða á erindin sem ég tel fulla ástæðu til að leita svara við:

1. (Jón Torfi um tilhneigingu til einsleitni í kerfinu og Amalía Björnsdóttir um PISA): Erum við komin of langt í þá átt að jafna aðstöðu allra við öll

tækifæri og forðast flokkun á nemendum? Leiðir það meðal annars til þess að við gerum ekkert fyrir sterka nemendur og að einsleitni myndast í námsframboði og eftirspurn á öllum skólastigum?

2. (Kristín Björnsdóttir um þróunarverkefni): Ef það er svo að afmörkuð þróunarverkefni skila litlu í breytingum á skólastarfi, þarf þá að tryggja stuðning við þau ofan frá?
3. (Snæfríður Egilson um þátttöku líkamlega fatlaðra nemenda): Kann skólinn illa að nýta sér þá þekkingu sem býr með nemendum og foreldrum um gott skólastarfi?
4. (Óskar J. Sandholt um sameiningu skóla): Hvers vegna er annars svona erfitt að breyta skólanum? Er það meðal annars vegna þess að kennarar eru búnir að helga sér hann sem vinnustað sinn þar sem hagsmunir þeirra ráða umfram hagsmuni nemenda og foreldra? Hver á grunnskólann?
5. (Börkur Hansen og Ólafur H. Jóhannsson um viðhorf skólastjórnenda og kennara): Þarf að breyta áherslum í umræðum um skólamál, tala minna um kjaramál og meira um kennslu?

6. (Ingvar Sigurgeirsson um mat á skólafélagi): Þarf ekki að kanna frændsemistengsl í skólum og áhrif þeirra á stjórnun og rekstur?
7. (María Steingrimsdóttir um fyrsta starfsár kennara): Þarf ekki að laga samstarf innan kerfisins víða: í stuðningi við nýja kennara, í stuðningi við nemendur sem eiga í erfiðleikum?
8. (Ingólfur Á. Jóhannesson um kyngervi kennara og nemenda): Er ekki full þörf á því að kanna betur þær hugmyndir og gildi (t.d. karla) sem koma í veg fyrir nám. Þetta á við um hugmyndir og gildi sem tjáðar eru við morgunverðarborðið eins og í skólanum.

9. (Rúnar Sigbórsson um samræmd próf): Þarf ekki að fara að viðurkenna að skólinn er fyrst og fremst samfélag þar sem góð samskipti eru mikilvægari en námsárangur?

Mér líkar vel að farið er að fjalla opið um hagsmuni og völd í skólakerfinu. Þá má ræða málið á öðrum nótum en persónulegum eða pólitískum. Það má nefnilega einnig rannsaka þessi fyrirbæri, orsakir þeirra og birtingarform. Það er til dæmis full þörf á því að rannsaka og rekja þróun þess vantrausts sem ríkir á milli samtaka kennara og yfirvalda menntamála og er undirliggjandi orsök þeirrar neikvæðni gagnvart breytingum sem oft gerir vart við sig meðal kennara. Mér finnst eins og ég hafi fylgst með því hvernig þetta traust

dvínaði og hvarf og breyttist í andhverfu sína upp úr 1980 (eða var það fyrr?). Ef til vill hefur vantraustið síðan yfirfærst af ríkinu á sveitarfélögin að ósekju?

Þarf ekki að fara að skoða betur hagsmuni nemenda og foreldra í skólafélagi? Má ekki hafa gamla málsháttinn að „heilt þorp þurfi til að ala upp barn“ í huga þegar bent er á að það þurfi heilt sveitarfélag til að reka góðan skóla? Er ekki nauðsynlegt að fleiri aðilar komi að þeirri ákvarðanatöku en gera það nú?

Ingunn Guðmundsdóttir



Rífliga 100 manns voru hér saman komnir í dag og líklega eru um 25 eftir núna. Væntanlega er kennslu-

dagurinn búinn hjá fagfólkinu og sveitarstjórnarmennirnir sitja eftir. Frábær dagur. Frásögn Andrésar um sameiningu grunnskóla í Vestmannaeyjum í pallborði var athyglisverð og miklar líkur eru á því að í aðdraganda kosninga að

Sveitarfélögin hafa slitið barnsskónum við rekstur grunnskóla og sveitarstjórnarmenn hafa enga aðra kosti í stöðunni en að gera hlutina í samstarfi við skólafólkið.

einhver frambjóðandinn geri út á óánægjuna. Verið að sameina skóla í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þeir eiga að sameinast næsta haust og ekki stendur steinn yfir steini í samfélaginu, það er á einu alls-

herjar tilfinningatrippi.

Það voru fyrst og fremst samræður fræðimanna sem fram fóru hér í dag en við hin sitjum og hlustum og náðum einu og öðru. Okkar reynsluheimur innheldur eitt og annað sem ástæða er til að para saman við það sem hér hefur verið sagt. Sveitarfélögin hafa slitið barnsskónum við rekstur grunnskóla og sveitarstjórnarmenn hafa enga aðra kosti í stöðunni en að gera hlutina í samstarfi við skólafólkið.